

# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFID AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS



1. TBL. 32. ÁRG. 2026

Kynslóðir í takti  
við tæknina

Við þurfum að huga  
betur að gögnum

Tveir hornsteinar  
réttarríkisins

Tækniráðgjafar eða  
ferlahönnuðir?

# Örugg eyðing gagna



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluáðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 - 17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# Efnisyfirlit

## Félagsmál

- 4 | Mikilvægi skilvirks eftirlits með störfum lögmanna
- 6 | Það sem tengir okkur
- 7 | Fréttir af aðalfundi
- 15 | Vaxandi óánægja lögmanna
- 29 | Gluggað í ársskýrslu LMFÍ
- 45 | Gluggað í ársskýrslu LMFÍ II
- 59 | Gluggað í ársskýrslu úrskurðarnefndar
- 68 | Félagsmönnum fækkar
- 73 | Gluggað í ársskýrslu Námssjóðs LMFÍ
- 74 | Hver/Hvað/Hvert

## Lögmennskan

- 11 | Kynslóðir í takti við tæknina
- 36 | Lestur lögmanna
- 39 | Kom vel undirbúinn til leiks
- 42 | Verðum við öll tækniráðgjafar eða ferlahönnuðir?
- 46 | Samningatækni lögmanna
- 64 | Vika í lífi lögmanns: Komið að kaflaskilum

## Umfjöllun

- 8 | Tveir hornsteinar réttarríkisins dómstólar og lögmenn
- 13 | Gjaldþrotum fjölgar á milli ára
- 16 | Samevrópsk löggjöf á sviði skuldaskilaréttar?
- 21 | Þarf að huga meira að atvinnurekstri þrotabúa?
- 24 | Lén þrotabúa
- 26 | Staðlar: Falin löggjöf... og seld
- 30 | Tillaga um einfaldari hátt við höfðun einkamála
- 34 | Nýtur trúin á réttarríkið verndar trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar?
- 49 | Samræmisathuganir Eftirlitsstofnunar EFTA
- 52 | Við þurfum að huga betur að gögnum
- 55 | Vátryggingar í kaupum og sölu fyrirtækja
- 60 | Þjóðaréttur á hálum ís
- 62 | Grænlandsbrölt
- 70 | Skapandi persónuverndarfulltrúinn

**Útgefandi:** Lögmannafélag Íslands,  
netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is), heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Unnur Lilja Hermannsdóttir; [unnur@landslog.is](mailto:unnur@landslog.is),

**Aðstoðarritstjóri**  
Eyrún Ingadóttir; [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)

**Ritnefnd**  
Arnar Vilhjálmur Arnarsson  
Ásgeir Sigurður Ágústsson  
Halla Björgvinsdóttir  
Hildur Þórarinsdóttir  
Hjalti Geir Erlendsson  
Peter Dalmay

**Hönnun forsíðu**  
Sítrus stúdíó ehf.

**Forsíðumynd**  
Hjarta Íslands. Ljósmynd: Eyrún Ingadóttir.

**Umbrot**  
Kristín Jóna Þorsteinsdóttir, stafrænn sérfræðingur.

**Prentun**  
Litróf

**Umsjón auglýsinga**  
Öflun ehf., sími 530 0800; [oflun@oflun.is](mailto:oflun@oflun.is)  
ISSN 1670-2689

**Stjórn LMFÍ**  
Stefán A. Svansson formaður.  
Arnar Vilhjálmur Arnarsson.  
Auður Björg Jónsdóttir.  
Bergrún Elin Benediktsdóttir.  
Hildur Leifsdóttir.

**Varamenn í stjórn**  
Halldór Brynjar Halldórsson.  
Hrafnhildur Kristinsdóttir.  
Sölvi Davíðsson.

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri.  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri.  
Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður.  
Kristín Jóna Þorsteinsdóttir stafrænn sérfræðingur.

# Mikilvægi skilvirks eftirlits með störfum lögmanna

Í Lögmannablaðinu að þessu sinni er meðal annars að finna áhugaverða grein eftir Benedikt Bogason, forseta Hæstaréttar, um dómara og lögmenn sem tvo hornsteina réttarríkisins. Þar greinir að rétt eins og sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar skeri úr ágreiningi um efni laganna, sé nauðsynlegt fyrir réttarríkið að fyrir hendi sé sjálfstæð og öflug stétt lögmanna sem borgararnir geti reitt sig á. Dómstólar og lögmenn séu því nauðsynleg forsenda þess að við búum í réttarríki.

Í greininni er einnig réttilega bent á mikilvægi skilvirks eftirlits með störfum lögmanna. Almennigur sem leitar til lögmanna verði að geta treyst því að þjónustan sé fullnægjandi og þegar út af bregði verði brugðist við með afgerandi hætti. Mikilvægt sé að kannað verði rækilega hvort eftirlit með störfum lögmanna sé viðhlítandi og hvort grípa þurfi til ráðstafana til að gera það skilvirkara.

\*\*\*

Mikilvægi virks eftirlits með lögmönnum og störfum þeirra er rauður þráður í starfi evrópskra og alþjóðlegra samtaka lögmannafélaga auk einstakra lögmannafélaga. Á sama tíma er hins vegar lögð rík áhersla á, til að tryggja sjálfstæði lögmanns-stéttarinnar, að slíkt eftirlit sé í höndum lögmannafélaganna sjálfra en ekki stjórnvalda. Í Sáttmála samtaka evrópskra lögmannafélaga um grundvallarreglur lögmanns-stéttarinnar (e. Charter of Core Principles of the European Legal Profession) er komist svo að orði:

*„It is one of the hallmarks of unfree societies that the state, either overtly or covertly, controls the legal profession and the activities of lawyers. Most European legal professions display a combination of state regulation and self-regulation. In many cases the state, recognising the importance of the core principles, uses legislation to buttress them – for instance by giving statutory support to confidentiality, or by giving bar associations statutory power to make professional rules.*



*The CCBE is convinced that only a strong element of self-regulation can guarantee lawyers' professional independence vis-à-vis the state, and without a guarantee of independence it is impossible for lawyers to fulfil their professional and legal role.*

\*\*\*

Lögmenn eru bundnir af siðareglum í störfum sínum auk laga um lögmenn nr. 77/1998. Úrskurðarnefnd lögmanna starfar samkvæmt lögmannaöllum og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga.

Ef lögmenn greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna, sbr. 26. gr. lögmannaöllum. Í 27. gr. laganna kemur fram að telji einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða siðareglum geti hann lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum.

Úrskurðarnefndin getur fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin í rökstuddu álitum lagt til við sýslumann að réttindi lögmannsins verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum.

Lögmannafélagið sjálf hefur síðan meðal

annars eftirlit með almennum hæfisskilyrðum, fjárvörslum og starfsábyrgðartryggingum lögmanna.

\*\*\*

Lögmannafélaginu sjálfu er hins vegar þröngur stakkur sniðinn þegar kemur að öðru eftirliti með störfum lögmanna, þ. á m. með því að geta beint erindum til úrskurðarnefndarinnar á grundvelli 1. mgr. 27. gr. lögmannaöllum. Lögmannafélagið hefur ítrekað bent stjórnvöldum á þetta.

Samkvæmt lauslegri athugun ganga eftirlitsheimildir og úrræði Lögmannafélagsins að mörgu leyti skemur en jafnan tíðkast hjá öðrum lögmannaöllum. Sitt getur hverjum sýnst um ágæti þess. Það eru mannleg viðbrögð að öllum lögmönnum skuli ekki endilega hugnast að Lögmannafélag Íslands sé að „vasast í“ störfum þeirra. Það er hins vegar holur hljómur að fjalla um mikilvægi „sjálfs-eftirlits“ lögmannaöllum, í stað afskipta hins opinbera, ef eftirlitið virkar ekki alltaf sem skyldi.

Lögmannafélagið á ekki að setja sig á móti athugun á því hvort eftirlit með störfum lögmanna sé viðhlítandi og hvort grípa þurfi til ráðstafana til að gera það skilvirkara. Lögmannafélagið á hins vegar að leggja áherslu á mikilvægi „sjálfs-eftirlits“ og að slíkt eftirlit virki sem skyldi, þ. á m. með viðhlítandi lagaumgjörð. ♦

## Það sem tengir okkur

**Lögmenn sinna fjölbreyttum verkefnum og má segja að það sé eitt það skemmtilegasta við starfið. Fjölbreytnin felur þó einnig í sér áskoranir enda getur enginn verið sérfræðingur á öllum sviðum lögfræðinnar. Er þá jafn mikilvægt og það er verðmætt að geta leitað til annarra aðila, innan og utan lögmansstofa og fyrirtækja.**

Aðrar áskoranir blasa einnig við lögmansstéttinni eins og öðrum stéttum. Umfjöllun um notkun gervigreindarlíkana í lögmansstarfinu er ofarlega á baugi hér sem annars staðar. Mikilvægt er að ræða hvernig nota megi gervigreind á öruggan hátt í starfinu og hefur t.a.m. verið farin sú leið hjá sænska lögmannafélaginu að beina til lögmanna leiðbeinandi tilmælum um notkun slíkra líkana. Er þar áreittuð sú grundvallarregla að sérfræðiábyrgð lögmans færast aldrei yfir á gervigreindina. Lögmaðurinn ber áfram fulla ábyrgð á ráðgjöf sinni, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga. Notkunin getur kallað á margvísleg álitafni, meðal annars varðandi persónuvernd, höfundarétt og viðskiptaleyndarmál. Lögmenn þurfa að tryggja lögmæta vinnslu persónuupplýsinga, þurfa að vera meðvitaðir um það hvort líkönin áskilji t.a.m. afnotarétt af gögnum og hver eigi réttindi sem sett eru inn í kerfin og tryggja að upplýsingar skjólstaðinga verði ekki birtar öðrum, notaðar til þjálfunar eða til að mynda svör fyrir aðra notendur. Þá er því beint til lögmansstofa að setja sér skriflegar reglur um notkun gervigreindarlíkana og mennta starfsfólk sitt.

Það verður ekki hjá því komist að horfast í augu við það að lögmansstarfið er að breytast þó að við vitum að tæknin leysir ekki af hólmi mannlega reynslu og dómgreind heldur gerir auknar kröfur til þess að við kunnum að greina gildi upplýsinga og setja þær í rétt samhengi. Það eru ákveðin forréttindi fólgin í því að standa á þessum tímamótum og taka þátt í umbreytingunni og verður áhugavert að líta um öxl að liðnum einhverjum árum.

Í þessu tölublaði höldum við áfram umfjöllun um gervigreindarlíkön og notkun þeirra. Meðal umfjallana er grein Ævars Hrafns Ingólfssonar, lögfræðings hjá KPMG Law, sem fjallar um umbyltingu lögfræðistarfsins og grein Harðar Helga Helgasonar, lögmans hjá Landslögum, sem hefur áhyggjur af grandvaraleysi stjórnvalda varðandi gæði og gagnsæi gagna og bendir á að það auki á áskorun okkar þegar kemur að notkun gervigreindarlíkana.

Réttarríkið, traust og aðgengi er einnig til umfjöllunar, í grein Benedikts Bogasonar, forseta Hæstaréttar, þar sem hann fjallar m.a. um eftirlit með störfum lögmanna og hversu mikilvægi trausts almennings er fyrir réttarkerfið. Einnig skrifar Vigdís Sigurðardóttir, forstöðumaður hjá Emblu Medical, um mikilvægi félagslegra tengsla innan fyrirtækis í starfi hennar sem persónuverndarfulltrúi. Sjónum er líka beint að þrotabúum, váttryggingum í samningum um kaup og sölu fyrirtækja, kröfum til málshöfðunar og mörgu fleiru.

Ritstjórn sendir lesendum hlýjar sumarkveðjur og von um góðar stundir. ♦



# Fréttir af aðalfundi

## Aðalfundur Lögmannafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 27. maí síðastliðinn á Hilton Nordica.

Stefán A. Svansson formaður fór yfir ársskýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og gerði grein fyrir helstu verkefnum félagsins. Í framhaldinu fór Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, yfir fjárhag félagsins. Eina tillagan sem borin var fram á fundinum laut að hækkun aðildargjalds félagsins. Um hana fóru fram málefnalegar umræður áður en tillagan var svo samþykkt í atkvæðagreiðslu.

Við kjör formanns, stjórnar og varastjórnar bárust jafnmörg framboð og sæti voru laus til kjörs. Stefán A. Svansson var því sjálfkjörinn formaður félagsins til eins árs, sem er þá þriðja og síðasta starfsár hans sem formanns. Bergrún Elín Benediktsdóttir og Hildur Leifsdóttir voru sjálfkjörnar meðstjórnendur til tveggja ára en í stjórn sitja áfram Arnar Vilhjálmur Arnarsson og Auður Björg Jónsdóttir. Þá voru Halldór Brynjar Halldórsson, Hrafnhildur Kristinsdóttir og Sölvi Davíðsson sjálfkjörin í varastjórn til eins árs. Í laganefnd félagsins voru sjálfkjörin Einar Farestveit, Flóki Ásgeirsson, Fannar Freyr Ívarsson, Gunnar Atli Gunnarsson, Jóhannes Tómasson, Krístrún Elsa Harðardóttir og Gabriela Markúsdóttir.

Að lokum var minnst þriggja félagsmanna sem féllu frá á starfsárinu en það voru þau Jón Eysteinnsson, Margrét Heinreksdóttir og Þórður S. Gunnarsson. Risu fundarmenn úr sætum og vottuðu þeim virðingu sína.

Hjördís Halldórsdóttir sinnti fundarstjórn en að loknum fundarstörfum bauð LMFÍ félögum upp á veitingar og gafst þá gott tækifæri til að ræða saman. ♦



Anna Linda  
Bjarnadóttir



Ingimar Ingason



Stefán A. Svansson



Hjördís Halldórsdóttir

## Tveir hornsteinar réttarríkisins dómstólar og lögmenn

Stjórnskipun einstakra þjóðríkja hefur ýmis einkenni. Mörg þeirra eru sambærileg milli ríkja sem byggja þjóðfélag sitt á líkum gildum. Eitt þessara einkenna, sem á við um íslenska stjórnskipun og flest önnur lönd, er hugmyndin um réttarríkið. Í því felst meðal annars að samfélagi manna sé stjórnað með lögum þannig að þau ráði en ekki geðþótti þeirra sem fara með völd hverju sinni. Nánar tiltekið leiðir af grunnreglum réttarríkisins að allir, einstaklingar og lögaðilar innan viðkomandi ríkis, séu bundnir af lögum og njóti þeirra réttinda sem af þeim leiða.



Hugmyndin um réttarríkið gerir einnig ráð fyrir því að sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar skeri úr ágreiningi um efni laganna. Jafnframt er nauðsynlegt fyrir réttarríkið að fyrir hendi sé sjálfstæð og öflug stétt lögmanna sem borgararnir geta reitt sig á. Dómstólar og

lögmenn eru því nauðsynleg forsenda þess að við búum í réttarríki.

Vægi réttarríkisins hefur orðið æ meira á liðnum áratugum. Það má öðru fremur rekja til alþjóðlegra mannréttindareglna sem settar hafa verið frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þær gera beinlínis ráð fyrir því að réttarríkið sé skilyrði þess að borgararnir geti notið

“  
Réttarríkinu er gefinn  
aukinn gaumur í  
úrlausnum dómstóla.  
”

mannréttinda. Þá leikur ekki vafi á því að hugmyndinni um réttarríkið er á síðari tímum gefinn aukinn gaumur í úrlausnum dómstóla og á það bæði við um alþjóðlega dómstóla og landsdómstóla. Þar er Hæstiréttur Íslands vitanlega ekki undanskilinn.

## Traust til dómstóla

Eins og áður greinir eru dómstólar og sjálfstætt starfandi lögmenn hornsteinar réttarríkisins. Til að þessar stoðir réttarríkisins geti starfað og þjónað hlutverki sínu er mikilvægt að bæði dómstólar og lögmenn njóti trausts. Ríki þar sem borgararnir treysta ekki dómstólum og lögmönnum er í miklum vanda. Það á svo sannarlega ekki við um okkar þjóðfélag. En traust á dómstólum og lögmönnum er alls ekki sjálfgefið og mikilvægt er að standa vörð um og efla það.

Dómstólar stuðla að trausti með að vanda til allra verka og vera aðgengilegir

Um dómstóla gildir sú helga regla stjórnarskrárinnar að þeim ber að dæma einungis eftir lögnum. Gildir þá einu hvernig einstaka niðurstöðum verður tekið. Þótt ljóst megi vera að þær verði afar umdeildar mega dómstólar aldrei láta stjórnast af slíkum viðbrögðum. Þvert á móti afla dómstólar sér verðskuldaðs trausts til lengri tíma ef borgararnir vita og geta treyst því að þeir fari aðeins að lögum. Dómstólar geta hins vegar stuðlað að auknu trausti í sinn garð með því að vanda til allra verka samhliða því að starfa fyrir opnum tjöldum og vera aðgengilegir. Í því felst að dómstólarnir verða að eigin frumkvæði að veita fræðslu um störf sín og upplýsingar um þau þegar eftir því er leitað.

Þetta hafa dómstólar gert með ýmsu móti. Má þá fyrst nefna að dómar allra dómstiga hafa um langt skeið verið aðgengilegir á heimasíðu dómstóllanna. Enn fremur hefur Hæstiréttur um árabíl veitt ýmsar upplýsingar um starfsemi sína með fréttalið á heimasíðu réttarins. Auk þess má nefna að rétturinn opnaði í desember á liðnu ári síðu á samfélagsmiðlinum Instagram undir notandanafninu: haestiretturislands. Þar er birtur ýmiss fróðleikur um réttinn ásamt dagskrá og upplýsingum um nýgengna dóma. Tilgangurinn með þessari upplýsingamiðlun er að ná enn betur til þeirra sem vilja fylgjast með starfseminni. Árangurinn af þessu framtaki hefur verið framar björtustu vonum. Af því má ráða að mikill áhugi er á störfum Hæstaréttar og er þetta að minnsta kosti vísbending um að rétturinn njóti trausts. Í öllu falli er ósennilegt að fólk fylgist með stofnun á samfélagsmiðli sem það hvorki hefur áhuga á né treystir.

Jafnframt verður að hafa í huga að umfjöllun um dómara vegna framgöngu þeirra getur haft áhrif á traust almennings til dómstóla. Hér má nefna það dómsmál sem fjallað hefur verið talsvert um undanfarið í fjölmiðlum vegna svigurmæla í garð dómara. Mál þetta er til þess fallið að grafa undan trausti á dómstólum og mátti merkja þau áhrif í viðhorfskönnun almennings til stofnana í upphafi árs. Málið er í öllu tilliti afar óheppilegt. Að auki má nefna, í ljósi nýlegrar umræðu á opinberum vettvangi, að ætlast verður til þess að dómarar sýni því ákveðinn skilning að laun þeirra geti ekki hækkað svo nokkru nemi umfram flestar aðrar starfsgreinar í erfiðu árferði.

## Eftirlit með störfum lögmanna

Að því er varðar lögmenn er þess að gæta að þeir hafa einkarétt á að flytja fyrir dómi mál fyrir aðra. Jafnframt sinna lögmenn ýmsum öðrum mikilvægum verkefnum fyrir skjólstæðinga sína. Að baki þessum einkarétti lögmanna búa þau rök að hagsmunum manna sé best borgið í höndum lögmanna vegna þeirrar þekkingar og reynslu sem þeir búi yfir. Slíkt sé í raun óhjákvæmilegt skilyrði þess að hagsmuna fólks fyrir dómi sé gætt með viðhlítandi móti. Vegna einkaréttarins er mikilvægt að skilvirkt eftirlit sé með störfum lögmanna. Almenningsur sem leitar til þeirra verður að geta treyst því að þjónustan sé fullnægjandi og þegar út af bregði verði brugðist við með afgerandi hætti. Þau dæmi þekkjast að lögmenn hafi ítrekað sætt áminningu úrskurðarnefndar lögmanna án þess að komið hafi til frekari viðurlaga. Í ljósi þessa er mikilvægt að kannað verði rækilega

Kanna þarf hvort eftirlit með störfum lögmanna sé viðhlítandi



hvort eftirliti með störfum lögmanna sé viðhlítandi og hvort grípa þurfi til ráðstafana til að gera það skilvirkara. Fyrir hendi eru tilvik sem ekki verður unað við og enginn vafi leikur á að gera verður úrbætur til að tryggja betur réttindi skjólstæðinga lögmanna.

Þær misfellur sem hér hefur verið vikið að eru fátíð frávik en þó til þess fallnar að draga úr trausti almennings til lögmanna. Það grefur undan réttarríkinu og tiltrú á því. Rétt er hins vegar að taka skýrt fram að öll störf lögmanna við mál sem rekin eru fyrir Hæstarétti eru til mikillar fyrirmyndar og samskiptin við réttinn eins og best verður á kosið. ♦



Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

www.law.is  
s. 414 4100

## Kynslóðir í takti við tæknina

**Svava Sól Matthíasdóttir stundar lögmennsku á daginn og leiklist á kvöldin. Svava, sem fékk lögmansréttindi 26. janúar síðastliðinn, er fulltrúi á LEX lögmansstofu og er fyrst til að fá réttindi af þeim sem eru fædd eftir að árið 2000 gekk í garð. Lögmannaþlaðið kíkti í heimsókn til fulltrúa nýrrar kynslóðar í Lögmannafélagi Íslands sem telur að tækni og skilvirkari vinnubrögð muni skila lögmönnum framtíðar meira jafnvægi milli vinnu og einkalífs.**

Af hverju fórst þú að læra lögfræði?

Á yngri árum ætlaði ég að verða söng- og leikkona. Ég var mjög virk í leiklist og tók þátt í alls kyns uppsetningum, meðal annars í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og síðar í Verzlunarskóla Íslands. Svo ætlaði ég að læra verkfræði en á síðasta árinu í menntaskóla tók ég áfanga í almennri lögfræði og þá kviknaði áhuginn. Ég ákvað því að breyta um stefnu.

En hvenær vaknaði áhugi á lögmennsku?

Í gegnum námið fékk ég snemma tækifæri til að starfa í lögfræðiumhverfi, meðal annars hjá fjármálafyrirtækjum og á stærstu lögmansstofum landsins, þar sem ég fékk góða innsýn í starfið og hvað felst í lögmennsku. Sú reynsla hafði mikil áhrif á mig og ýtti undir ákvörðun mína um að fara þessa leið.

### Lögmennska í síbreytilegu umhverfi

Á hvaða sviðum lögfræðinnar hefur þú mestan áhuga?

Ég starfa í fyrirtækjateyminu hjá LEX og fæst aðallega við verkefni á sviði félaga- og fjármálaréttar, samningaréttar, veðréttar, veðbréfa- markaðsréttar og upplýsingatækniréttar. Verkefnin eru mjög fjölbreytt og snúa bæði að daglegri ráðgjöf og stærri málum sem tengjast rekstri fyrirtækja. Samhliða þessu hef ég haft sérstakan áhuga á þeim sviðum þar sem lögfræði mætir tækni en ég skrifaði meistaranaritgerð mína um álítaefni gervigreindar og mannréttinda. Ég sé fram á að mennta mig frekar á því sviði.





Hverjar heldur þú að séu helstu áskoranir fyrir lögmenn í dag?

Ég held þær tengist hraðri þróun samfélagsins, sérstaklega vegna tækniframfara og gervigreindar. Lagaumhverfið þarf sífellt að bregðast við nýjum aðstæðum þar sem forðæmi eru takmörkuð og reglur eru enn í mótun.

Þetta kallar á að lögmenn séu ekki aðeins með sterkan lagalegan grunn, heldur einnig tilbúnir að takast á við ný og óljós álitaefni og hugsa fram í tímann. Á sama tíma eru gerðar auknar kröfur um skilvirkni og aðgengi, sem gerir það að verkum að lögmenn þurfa að aðlagða vinnubrögð sín að þessum breyttu aðstæðum.

Megináskorunin felst þannig í því að halda í gæði og fagmennsku á sama tíma og unnið er í síbreytilegu umhverfi.

## Draumur í dós

Lífið er ekki eingöngu lögfræði, hver eru helstu áhugamál þín?

Samhliða starfi mínu hjá LEX er ég í söngleikjanámi sem ég byrjaði í um leið og ég lauk laganámi. Síðasta árið hef ég verið að þúsla þessu tvennu saman, sinni lögmennsku á daginn og sviðslistunum á kvöldin. Við vorum á dögnum að setja upp söngleikinn Draumur í dós (e. Anything Goes) í Borgarleikhúsinu

eftir margra mánaða æfingaferli. Mér finnst nauðsynlegt að rækta listrænu hliðina samhliða lögfræðinni enda ekkert sem segir að það sé ekki hægt að gera bæði!

Heldur þú að leiklistin nýtist í starfi?

Já, hún nýtist vel í lögmennsku, til dæmis þegar kemur að framkomu og málf lutningi.

## Aukin áhersla á tækni


Að lokum, nýjum kynslóðum fylgja alltaf einhverjar breytingar. Hvaða mark heldur þú að þín kynslóð muni setja á lögmennsstéttina?

Ég hugsa að mín kynslóð muni leggja aukna áherslu á nýtingu tækni og skilvirkari vinnubrögð. Við erum alin upp í stafrænu umhverfi og erum fljót að tileinka okkur ný verkfæri og aðferðir sem hefur áhrif á hvernig við nálgumst starfið. Með því skapast svigrúm til meira jafnvægis milli vinnu og einkalífs en áður sem hefur jákvæð áhrif til lengri tíma, bæði á einstaklinga og fagið í heild.

Markið sem kynslóðin setur á fagið verður þannig líklega fólgið í því að þróa það áfram í takt við tækniframfarir og breytt samfélag en á sama tíma viðhalda þeim grunnildum sem fagið byggir á, svo sem trausti og vönduðum vinnubrögðum. ♦

## Gjaldprotum fjölgar á milli ára

Á árinu 2025 voru 1124 bú tekin til gjaldprotaskipta hjá héraðsdómstólum landsins og önnuðust 323 lögmenn skipti á þeim. Þetta er um 13% fjölgun frá árinu 2024 þar sem fjöldi búa var 995 en alls sáu 287 lögmenn um skiptastjórn það ár. Lögmannaþaðið rýndi í hvaða skiptastjórnar önnuðust búskipti árið 2025.



Í ársbyrjun 2024 setti dómstólasýslan leiðbeinandi reglur um fjárhæð skiptatrygginga og skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 5/2024. Jafnframt var byrjað að halda skrá yfir skiptastjóra þrotabúa sem gerir dómstólum kleift að halda faglegar utan um þrotabúin og auka gagnsæi sem er fagnaðarefni.

Alls var 491 (446) lögmaður á skrá dómstólanna yfir skiptastjóra árið 2025 en 323 (287) lögmönnum, eða 66% (65%) þeirra, var falið að skipta þeim 1124 (994) búum sem komu til skipta á árinu. Tölur í sviga eru frá 2024.

## Úthlutun þrotabúa hjá héraðsdómstólum

Alls 175 (133) lögmönnum var úthlutað fjórum búum frá einum eða fleiri dómstól árið 2025. Samkvæmt reglum dómstólasýslunnar er ætlast til að hafi einn héraðsdómstóll ekki úthlutað fjórum búum til sama skiptastjóra þá eigi næsti dómstóll að fylla upp í kvótann. Þetta gera flestir dómstólar landsins en tveir skera sig þó úr. Annar er Héraðsdómur Norðurlands vestra en af þeim 11 þrotabúum sem komu þar til skipta árið 2025 var öllum úthlutað til þriggja lögmanna á svæðinu. Hinn er Héraðsdómur Vesturlands en þar komu 36 bú til skipta og var tveimur lögmönnum á svæði dómstólsins úthlutað 10 og 11 þrotabúum sem er langt umfram þann fjölda sem reglur kveða á um. Þeir sex skiptastjórar sem voru skipaðir að auki hjá Héraðsdómi Vesturlands voru allt karlar en það sama gerðist árið 2024. Engar konur hafa verið skipaðar skiptastjórar þar í tvö ár.

Við skipun skiptastjóra er dómstólum ætlað að gæta jafnræðis milli kynja en á lista dómstólasýslunnar er 141 kona af 491 skiptastjóra eða rétt tæplega 29%. Konur voru

skipaðar skiptastjórar í 28% búa á síðasta ári. Einhverjum kann að þykja litlu máli skipta þótt dómstólar landsbyggðar gæti ekki að kynjajafnrétti og horfi heim í hérað við úthlutun þrotabúa. En úthlutun þrotabúa á ekki að vera hluti af kunningjasamfélaginu heldur á hún að vera fagleg þar sem allir sérfræðingar sitja við sama borð svo lengi sem þeir standa undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin. Ásýnd dómstólanna, og þar með réttarkerfisins alls, er undir. Lögmannablaðið sendi fyrirspurn til dómstólasýslunnar sem hefur vakið athygli viðkomandi dómstjóra á reglunum og óskað skýringa á þeim úthlutunum sem ekki eru í samræmi við þær.

## Engar alvarlegar aðfinnslur

Skiptastjórar sem hafa annað hvort ekki tilkynnt skiptalok í fjórum eða fleiri búum, sem þau hafa verið skipuð skiptastjórar í, eða hafa haft eitt eða fleiri bú til skipta í tvö ár eða meira, fá ekki úthlutað búum fyrr en þau hafa lokið skiptum. Undanþága er þó veitt ef skiptastjórar gefa fullnægjandi skýringar sem þykja réttlæta drátt á skiptalokum. Enn hafa engar alvarlegar aðfinnslur verið gerðar við störf skiptastjóra en komi til þess er lögmanni ekki úthlutað búi í þrjú ár.

Alls voru 892 (736) þrotabú opin í ársbyrjun 2026 og höfðu 288 (230) þeirra verið undir skiptum í meira en eitt ár.

## Stærri búin

Þrotabúum er skipt í tvo flokka; bú einstaklinga og minni lögaðila og svo stærri bú lögaðila sem hafa verið með fleiri en fimm starfsmenn á launaskrá og yfir 150 milljóna króna ársveltu. Alls komu 5 (4) þrotabú stærri lögaðila til úthlutunar á árinu 2025 og voru

sex lögmennt skipaðir skiptastjórar yfir þeim, fimm karlar og ein kona.

## Í lokin

Gagnsæri og réttlátari úthlutun þrotabúa er mikil fagnaðarefni og eykur traust og skilvirkni réttarkerfisins. Héraðsdómstólarnir eru betur upplýstir við val á skiptastjóra og hafa aðgang að ítarlegri upplýsingum um menntun

þeirra og reynslu. Þess má svo geta að í mars síðastliðnum voru reglur dómstólasýslunnar um fjárhæð skiptatrygginga og skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum uppfærðar með reglum nr. 5/2026. Við þá endurskoðun var bætt við nýrri 4. gr. þar sem mælt er fyrir um það að einstaklingur sé fjarlægður af skránni ef það kemur í ljós að hann uppfyllir ekki skilyrði til að hljóta skipun sem skiptastjóri. ♦

---

# Vaxandi óánægja lögmannna með dagskrármálefni Landsréttar

**Í mars síðastliðnum sendi stjórn Lögmannafélags Íslands erindi til forseta Landsréttar vegna vaxandi óánægju lögmannna með viðmiðunarreglur réttarins um fjarverutilkynningar málflytjenda og röðun mála á dagskrá sem Landsréttur setti á síðasta ári.**

Í erindi Lögmannafélagsins er m.a. vísað til þeirra sjónarmiða sem komið var á framfæri í bréfi félagsins frá 24. júní sl. og kynnt voru á samráðsfundi með fulltrúum réttarins í aðdraganda reglusetningarinnar. Þar var m.a. bent á mikilvægi þess að dagskrá Landsréttar yrði birt fyrir lengri tímabil í senn, enda mætti með því mæta að umtalsverðu leyti því óhagræði sem málflytjendur hafa af hinum nýju reglum.

Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir hefur lítið áunnist í dagskrármálum Landsréttar. Að mati félagsins er brýnt að rétturinn bregðist við með aukinni áherslu á fyrirsjáanleika í dagskrá með það fyrir augum að koma til móts við skert svigrúm lögmannna til að skipuleggja fjarvistir af sinni hálfu.

Þannig yrði til dæmis strax til bóta ef unnt væri að upplýsa með góðum fyrirvara hvenær gert væri ráð fyrir að málflytningur hæfist að hausti og lyki að vori, auk hvenær málflytningur lægi niðri vegna jóla- og páskaleyfa. Með þessu gæfist lögmonnum betra ráðrúm til að skipuleggja eigin leyfi.

Þá telur Lögmannafélagið nauðsynlegt að fjölga „fjarvistardögum“ upp í 10 til 15 á hvoru misseri enda ætti slíkt ekki að koma með teljandi hætti niður á skipulagningu dagskrár en myndi strax veita lögmonnum meira svigrúm.

Lögmannafélagið hefur óskað eftir fundi með fulltrúum Landsréttar eins fljótt og kostur er til ræða þessi mál. ♦

## Samevrópsk löggjöf á sviði skuldaskilaréttar?

Í Morgunblaðinu birtist 16. janúar sl. grein eftir Dóru Sif Tynes lögmann þar sem gerð var að umtalsefni ráðgerð tilskipun Evrópusambandsins sem ætlað er að samræma reglur um gjaldþrotaskipti innan ESB. Hvatti hún stjórnvöld til að ígrunda breytingar á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að fyrirmynd þessara evrópureglna.



## Tilskipanir ESB vegna skuldara í fjárhagsörðugleikum

Innan Evrópusambandsins hafa á liðnum árum verið settar tilskipanir sem taka til skuldara í fjárhagsörðugleikum. Er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir gjaldþrot og endurheimta rekstrarhæfni þeirra með endurskipulagningu. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1023<sup>1</sup> var miðað að því að samræma málsmeðferð slíkra úrræða á meðal aðildarríkja ESB. Samkvæmt tilskipuninni er litið svo á að þegar fyrir liggur, eða líkur eru á að skuldari sé ógjaldfær, verði að vera unnt að grípa til hentugra úrræða sem gefa honum kost á að útbúa og semja um endurskipulagningaráætlun. Tilskipunin miðar þannig ekki síst að því að skuldarar, og þá einkum fyrirtæki í fjárhagsvanda, geti með endurskipulagningu haldið áfram starfsemi sinni og áfstýrt gjaldþroti.

Tilskipunin miðar að því að skuldarar geti haldið áfram starfsemi sinni.

EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins telja að ekki eigi að taka þessa tilskipun upp í EES-samninginn.<sup>2</sup> Þess er að gæta að í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er þegar mælt fyrir um heimild

til greiðslustöðvunar og nauðasamninga sem eru úrræði sem ganga í sömu átt og endurskipulagning en eru þó ekki eins víðtæk.

Hugsunin að samræma löggjöf um skuldaskil og gera innri markaðinn virkari.

## Samræmd löggjöf auki virkni innri markaðarins

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram frumvarp að tilskipun árið 2022 um samræmingu á nánar tilgreindum þáttum löggjafar á sviði skuldaskilaréttar, sbr. 2022/0408 (COD).<sup>3</sup> Í aðfararorðum frumvarpsins er m.a. bent á að full þörf sé á löggjöf af þessu tagi og vísað til þess að löggjöf aðildarríkjanna sé mjög ólík þegar kemur að meðferð gjaldþrotaskipta. Sagt er að málsmeðferðartími í sumum aðildarríkjunum sé mjög langur sem leiði til þess að fjármunir þrotabús innheimtist illa og valdi auk þess bagalegri óvissu fyrir kröfuhafa. Jafnvel sé staðan sú að alþjóðleg fyrirtæki forðist fjárfestingar í slíkum ríkjum vegna óhagræðis og tálmana af ýmsu tagi í löggjöf þeirra. Hugsunin er því sú að samræma löggjöf aðildarríkjanna um skuldaskil varðandi þau atriði sem helst reynir á í þessu sambandi og gera þannig innri markaðinn virkari. ♦

1 Tilskipun (ESB) 2019/1023 Evrópuþingsins og ráðsins 20. júní 2019 um forvirkar aðgerðir í þágu endurskipulagningar, eftirgjöf skulda og vanhæfi, svo og um aðgerðir til að auka skilvirkni málsmeðferðar vegna endurskipulagningar, ógjaldfærni og eftirgjöf skulda, sem breytir tilskipun (ESB) 2017/1132.

2 Í EES-gagnagrunninum segir að EFTA-ríkin innan EES telji að ekki eigi að taka þessa tilskipun upp í EES-samninginn. Sjá Vefsíðu EES-gagnagrunnsins. Sótt 28. apríl 2026 á <https://gagnagrunnur.ees.is/3201911023>.

3 Frumvarp að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu nánar tilgreindra þátta skuldaskila, COM(2022) 702 final (e. Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council harmonising certain aspects of insolvency law).

Samkvæmt frumvarpinu frá 2022, að hinni ráðgerðu tilskipun, eru það aðeins nokkrir þættir skuldaskila sem ætlunin er að setja samræmdar reglur um. Í fyrsta lagi eru það riftunarreglur, þar sem gerð er tillaga um lágmarkskröfur fyrir endurheimt fjár til þess að koma í veg fyrir undanskot eigna. Í öðru lagi er um að ræða kerfi til að auðvelda leit að eignum skuldara í miðlægum gagnagrunnum. Í þriðja lagi er um að ræða forvirkar aðgerðir, svonefnda „pre-pac“ málsmeðferð, sem grípa má til samkvæmt nánari skilyrðum og eftir að skuldari hefur verið lýstur gjaldþrota. Málsmeðferðinni er ætlað að opna möguleika á að undirbúa skuldara fyrir sölu eigna miðað við það að hann sé enn í rekstri og ná með því móti hagstæðara verði fyrir félagið eða atvinnustarfsemina til hagsbóta fyrir kröfuhafa. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir samræmingu reglna um skyldu framkvæmdastjóra fyrirtækis til að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi þess. Í fimmta lagi er gerð tillaga um að komið verði á fót sérstökum kröfuhafaráðum í öllum aðildarríkjunum sem starfi á grundvelli samræmdra reglna. Í sjötta lagi er lagt til að auka gagnsæi í skuldaskilum eftir reglum landsréttar í einstökum aðildarríkjum með því að mæla fyrir um að aðildarríkin skuli veita hagnýtar upplýsingar um landsrétt og draga þar með úr hindrunum fyrir fjárfestingar í öðrum aðildarríkjum en heimaríkinu.

## Gildissvið EES-samningsins

EES-samningurinn tekur til þeirra efnisreglna ESB-réttar sem varða innri markaðinn. Hér er einkum átt við reglur sem tengjast fjórfrelsinu, svo og samkeppnisreglur og reglur um ríkisaðstoð. Að auki geymir meginmál samningsins, V. hluti hans,

svonefnd „altæk ákvæði“ er varða fjórfrelsið, þ.e. félagsmál, neytendavernd, umhverfismál, hagskýrslugerð og félagarétt. Viðaukar XVIII–XXII hafa að geyma nánari reglur og tilvísanir til gerða sem varða þessi svið. Gerðirnar hafa að jafnaði að geyma ákvæði um lágmarkskröfur á hendur aðildarríkjunum en aðildarríkin mega ákveða að fara strangar í sakirnar í landslögum sínum, sbr. orðalag 67. gr. EES-samningsins sem þó vísar aðeins til XVIII. viðauka. Gengið hefur verið út frá því að skýra megi þetta orðalag V. hluta EES-samningsins rúmt og fella þar undir allar afleiddar gerðir sem með sanngirni má telja að varði bæði fjórfrelsið og þau efnissvið sem nefnd eru, t.d. umhverfismál. Samandregið eru það reglur Evrópusambandsins um fjórfrelsið, samkeppnismál og altæku ákvæðin í V. hluta EES-samningsins sem mynda kjarna EES-réttar. Engu að síður falla ýmis stór svið utan gildissviðs EES-samningsins.

Af EES-samningnum verður þannig ráðið að fjölmörg málefni falla að meginstefnu til

Fjölmörg málefni falla að meginstefnu til utan gildissviðs hans.

utan gildissviðs hans. Það eru annars vegar reglur sem ekki varða innri markaðinn á borð við reglur um utanríkis- og öryggismál, samstarf á sviði dómsmála og löggæslu, peninga- og gengismála, landamæraeftirlit, málefni hælisleitenda og innflytjendamál, svo og ESB-ríkisborgararéttur. Hins vegar falla einnig sumar reglur um innri markaðinn utan gildissviðs EES-samningsins, t.d. reglur tengdar sköttum og gjöldum, reglur

um landbúnaðarmál og fiskveiðar og reglur um tollabandalagið.<sup>4</sup> Sem áður segir falla réttarfarsreglur undir málaflokk dómsmála og falla því almennt utan gildissviðs EES-samningsins. Eftir sem áður þarf hverju sinni að meta hvort ESB-regla hafi þýðingu fyrir EES-rétt og þar með hvort rétt sé að taka hana upp í EES-rétt. Það er sameiginlegu EES-nefndarinnar að meta þetta.

### Hvað skal gera?

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður að telja að réttarfar, þ. á m. skuldaskilaréttur í heild sinni, falli utan EES-samningsins. Gildissvið EES-samningsins nær þannig ekki til samræmingar reglna á sviði réttarfars milli EES-ríkjanna.<sup>5</sup> Þar með er ekki sagt að EFTA-ríkin hafi engar skuldbindingar til að leiða réttarfarsreglur í lög sín. Í dómi EFTA-dómstólsins í máli Koch o.fl. gegn Swiss Life (Liechtenstein) AG var því slegið föstu að aðildarríkin eigi að sjá til

Gildissvið EES-samningsins nær ekki til samræmingar reglna á sviði réttarfars milli EES-ríkjanna.



þess að reglur landsréttar veiti ekki minni rétt en EES-reglur (jafngildisreglan), svo og að reglur landsréttar geri það ekki ómögulegt eða mjög erfitt fyrir einstaklinga og lögaðila að neyta réttinda sinna (skilvirknireglan).<sup>6</sup> Þótt EES-ríki hafi þannig að meginreglu forræði á skipan réttarfarsreglna landsréttar þegar reynir á reglur EES-samningsins fyrir landsdómstólum leiðir af dómaframkvæmd EFTA-dómstóls að takmörk séu á þessu sjálfræði þeirra. Það sé vegna þess að EES-ríkjum beri að tryggja jafngildi og skilvirkni málsmeðferðarreglna þegar reynir á regluverk EES-samningsins fyrir landsdómstólum, auk þess sem réttarfarsreglur megi ekki vera í andstöðu við jafnræðisreglu EES-réttar.<sup>7</sup> Hér er einnig rétt að gera fyrirvara um gerðir sem teknar eru upp í EES-samninginn og hafa að geyma sérhæfðar réttarfarsreglur á því sviði sem um er tefla.<sup>8</sup>

En er rétt að taka upp í EES-rétt ráðgerða tilskipun, ef af verður, um samræmingu á nánar tilgreindum þáttum löggjafar á sviði skuldaskilaréttar og leiða reglur hennar í íslenskan rétt eftir atvikum með breytingum á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.?

Er þá fyrst að líta til þess að reglur fyrirhugaðrar tilskipunar koma í kjölfar tilskipunar 2019/1023 sem fyrst og fremst varðar reglur um fjárhagslega endurskipulagningu með það markmið að afstýra gjaldþroti. EFTA-ríkin innan EES töldu að tilskipun þessi ætti ekki erindi í EES-rétt eins og áður greinir.

4 Sjá t.d. Halvann Haukeland og Gjermund Mathisen: *EØS-rett*. Bergen 4. útg. 2022, 58.

5 Sjá Ólafur Jóhannes Einarsson og Sindri M. Stephensen: „Áhrif EES-réttar á réttarfar“. *Timarit lögfræðinga* 2023, 167–212 (168).

6 Sjá dóm EFTA-dómstólsins í máli nr. E-11/12, Koch, 121. mgr. Sjá einnig dóm dómstólsins í máli nr. E-25/24, Dartride AS gegn norska ríkinu, 79. mgr.

7 Sjá Ólafur Jóhannes Einarsson og Sindri M. Stephensen: „Áhrif EES-réttar á réttarfar“, *op.cit.*, 169.

8 Sjá nánar *ibid.* 184–187 (þar sem því er m.a. velt upp hvort heppilegt sé að sértækar samræmdar réttarfarsreglur um tilgreind réttarsvið séu felldar utan EES-samningsins vegna meginreglunnar um einsleitni og bent á gagnrýni fræðimanna á þá afstöðu EFTA-ríkjanna).

Á grundvelli þeirra reglna hafa fjölmörg ríki innan ESB gert breytingar á reglum sínum á sviði skuldaskilaréttar og í dönskum rétti leysti endurskipulagning (d. rekonstruktion) af hólmi lagafyrirmæli um greiðslustöðvun og nauðasamninga með lögum nr. 718/2010.<sup>9</sup> Þannig verður að hafa í huga að reglurnar sem ráðgerðar eru í fyrirhugaðri tilskipun um samræmingu á nánar tilgreindum þáttum löggjafar á sviði skuldaskilaréttar standa í nánnum tengslum við eldri reglur tilskipunar 2019/1023.

Fjölmörg ríki innan ESB gert breytingar á reglum sínum á sviði skuldaskilaréttar.

Í annan stað leiðir af EES-samningnum að réttarfarsreglur falla að jafnaði utan gildissviðs samningsins. Eftir sem áður er nauðsynlegt að leggja mat á það hvort einstakar reglur hinnar ráðgerðu tilskipunar kunni að eiga erindi í íslenskan landsrétt m.a. vegna þeirra krafna sem reglur EES-réttar gera um jafngildi og skilvirkni. Ekki er þannig útilokað að fyrirhugaðar reglur kunni að gefa tilefni til að auka við lög nr. 21/1991 eða breyta reglum þeirra laga. Afstaða EES-ríkjanna hefur í gegnum tíðina verið sú að réttarfarsreglur í afleiddri löggjöf ESB falli

utan gildissviðs EES-samningsins.<sup>10</sup> Fullt samræmi sýnist á hinn bóginn ekki vera í framkvæmd sameiginlegu EES-nefndarinnar við upptöku gerða sem hafa að geyma réttarfarsreglur.<sup>11</sup> Í frumvarpinu frá 2022 er lagt á ráðin um tilskipun sem hefur að geyma nýjar reglur á sviði skuldaskilaréttar. Miðað við áðurgreindar forsendur um hvenær taka skuli gerðir sem innifela réttarfarsreglur upp í EES-samninginn sýnist engin skylda til þess.

## Lokaorð

Markmið þessara evrópureglna er eftir sem áður það að samræma reglur á sviði skuldaskilaréttar á EES-svæðinu til hagsbóta fyrir starfsemi innri markaðarins. Ef hugleiða ætti á annað borð að gera breytingar á lögum nr. 21/1991 með tilliti til löggjafar í ríkjum ESB væri líklega nær lagi að taka til athugunar hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur um svonefnda fjárhagslega endurskipulagningu sem kæmu í stað ákvæða um greiðslustöðvun og nauðasamninga í núgildandi lögum. Fjárhagsleg endurskipulagning er okkur hér á landi ekki með öllu ókunnug því með lögum nr. 57/2020 um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar er að finna heimild lögaðila til fjárhagslegrar endurskipulagningar í tengslum við opinberar ráðstafanir eða aðrar aðstæður vegna kórónuveirufaraldursins sem geisaði fyrir fáum árum síðan. Ef meta ætti þetta yrði þó að hafa hugfast að gildandi reglur íslensks skuldaskilaréttar dugðu vel til að greiða úr eftirmálum bankahruns sem varð hér á haustdögum 2008. ♦

9 Sjá Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot: Skýringarrit við reglur XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Reykjavík 2. útg. 2024*, 85.

10 Sjá Ólafur Jóhannes Einarsson og Sindri M. Stephensen: „Áhrif EES-réttar á réttarfars“, *op.cit.*, 184.

11 Sjá nánar *ibid.* 169 og 184–187.

## þarf að huga meira að atvinnurekstri þrotabúa?

Það kemur fyrir að lögmenn sem sinna skiptastjórn þrotabúa fái í hendurnar bú félags sem var í fullum rekstri þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp. Skiptastjóri stendur þá frammi fyrir ákvörðun um hvort stöðva eigi atvinnureksturinn eða halda honum gangandi. Lög um gjaldþrotaskipti bjóða upp á hvort tveggja.

### Ný staða skapast við gjaldþrotaskipti

Þegar bú félags er tekið til gjaldþrotaskipta er oft litið svo á að fullreynt sé að halda áfram rekstri þess. Undanfari gjaldþrotaskipta getur m.a. verið fölginn í greiðslustöðvun eða nauðasamningum án þess að viðhlítandi árangur hafi náðst. Öll slík skref eru jákvæð og best er ef gripið er inn í rekstrarvandræði með snemmtækri íhlutun og endurskipulagningu. Þeir kostir sem fjallað er um í nýlegri tilskipun Evrópusambandsins nr. 2019/1023, um forvirkar aðgerðir í þágu endurskipulagningar, eftirgjafar skulda og til að auka skilvirkni slíkrar málsmeðferðar innan ESB, geta ýtt undir að gripið sé nægilega snemma inn í og er því jákvætt að skoða þá kosti til hlítar. Um efni tilskipunarinnar vísast til greinar Stefáns Más Stefánssonar, prófessors emeritus, og Valgerðar Sólness prófessors, í þessu blaði.

Við gjaldþrotaskipti skapast hins vegar ný staða. Hlutverk skiptastjóra er að hámarka verðmæti eigna búins og koma þeim skjótt í verð með það að markmiði að greiða sem mest upp í kröfur kröfuhafa. Skiptastjóri starfar í þágu allra kröfuhafa og skal vera óháður



stjórnarmönnum. Við tiltekna aðstæður getur það verið hagur kröfuhafa að taka áhættu af áframhaldandi rekstri með það að markmiði að hámarka verðmæti hans við sölu, og jafnvel flýta því ferli. Ekki þarf að hafa mörg orð um það hve þjóðhagslega hagkvæmt það getur verið að viðhalda störfum, hugverkum, samkeppni á markaði og öðru því sem fylgir atvinnurekstri. Hér skal þó lögð áhersla á að ávallt ber að leitast við að selja eignir eins fljótt og auðið er og því er ekki gert ráð fyrir rekstri til langs tíma innan þrotabús.

Sé tekin ákvörðun um áframhaldandi atvinnurekstur getur hann verði fólgin í að viðhalda einungis rekstri arðbærustu rekstrareininga en stöðva annan rekstur og selja. Skiptastjóri getur fengið nýjan sérhæfðan aðila að rekstrinum og tekið ákvörðun um að ráða aðeins hluta starfsfólks áfram og nýta hluta af leiguhúsnæði félags, sé það til staðar.

## Upplýsingaöflun og samstarf

Til að taka upplýsta ákvörðun um áframhaldandi atvinnurekstur þyrfti skiptastjóri með skjótum hætti að afla upplýsinga um hvað felst í slíkum rekstri, um fastan og breytilegan kostnað og áætlaðar tekjur og taka mið af þeirri óvissu sem áframhaldandi rekstur gjaldþrota félags kann að hafa í för með sér. Sjaldnast á hið gjaldþrota félag handbært fé til að tryggja rekstrartengdar greiðslur. Þá má ætla að undanfari gjaldþrots hafi verið viðvarandi hallarekstur og því er ekki sjálfgefið að tekjur af áframhaldandi rekstri komi til með að standa undir kostnaði af honum. Það

er þó ekki útilokað enda hvíla eldri skuldir hjá þrotabúinu og eru ekki hluti af mánaðarlegri greiðslubyrði ef atvinnurekstri er haldið áfram. Auk þess er, sem fyrr segir, unnt að taka ákvörðun um að reka einungis áfram ábatasama hluta rekstursins. Allt þetta þarf að vega inn í ákvörðunina og hvort áhættan af rekstrinum sé ásættanleg.

Segja má nauðsynlegt að ákvörðun um áframhaldandi atvinnurekstur þrotabús sé tekin að höfðu samráði og í samvinnu við stærstu kröfuhafa þess. Aðkoma kröfuhafa er yfirleitt nauðsynleg í formi beins fjárframlags sem gert er ráð fyrir að verði endurgreitt nema reksturinn eða eignir hins gjaldþrota félags reynist ekki standa undir því. Það getur líka verið í formi ábyrgðar sem yrði þá gengið að ef rekstur/eignir standa ekki undir kostnaði af rekstrinum. Skiptastjóri getur undirgengist slíka samninga fyrir hönd þrotabúsins og njóta kröfur á grundvelli slíkra samninga forgangsréttar í þrotabúinu (búskröfur).

Gott samstarf við fyrrum fyrirsvarsmenn félags getur auðveldað þessa vinnu mjög. Stórir kröfuhafar geta jafnframt búið yfir mikilvægum upplýsingum um atvinnurekstur þrotabús, ekki síst viðskiptabankar viðkomandi félags. Þá á skiptastjóri að geta nálgast allar upplýsingar um félagið með aðgangi að heimabanka, bókhaldi o.fl.

Hluthafar geta einnig séð hag af beinni aðkomu að því að tryggja áframhaldandi atvinnurekstur þrotabús. Rétt er að undirstrika að þrátt fyrir slíka aðkomu er skiptastjóri óháður hluthöfunum og starfar í þágu allra kröfuhafa þrotabúsins. Gjaldþrotaskipti eru enda sameiginleg fullnustugerð kröfuhafa og

hluthafar geta einungis fengið félagið aftur til sín ef kröfuhafar afturkalla kröfur sínar eða þær eru greiddar að fullu.

Undirrituð hefur nýlega reynslu af því að hluthafar gengust í ábyrgð fyrir atvinnurekstri þrotabús og kostnaði af skiptum (búskröfum) en nokkuð sérstakar aðstæður voru þar uppi. Hluthafar töldu möguleika á því að ná að endurfjármagna félagið og gera upp kröfur. Við töku ákvörðunar um áframhaldandi rekstur fór greining fram á áætluðum mánaðarlegum tekjum og gjöldum, miðað við hefðbundinn rekstur mánuðina og árin á undan með fulltingi framkvæmdastjóra. Leitað var afstöðu stærstu kröfuhafa til áframhaldandi reksturs. Gerðir voru tímabundnir leigusamningar og ráðningarsamningar við hluta starfsfólks og staðan endurmetin um hver mánaðamót. Fyrrum framkvæmdastjóri hélt áfram störfum fyrir félagið. Sala á rekstrinum var undirbúin en að endingu náðu hluthafar að endurfjármagna félagið, semja við kröfuhafa um afturköllun krafna og undirrituð afhenti hluthöfum þá félagið að nýju. Fullyrða má að ef reksturinn hefði verið stöðvaður í þessu tilviki hefðu möguleikar hluthafa til að endurheimta félagið dvínað verulega og kröfuhafar hefðu fengið mun minna upp í

kröfur sínar og jafnvel ekkert en ljóst var að upplausnarvirði félagsins var lítið. Kostnaður við sölu einstakra eigna hefði líklega verið meiri en verðmæti þeirra.

## Umræða óskast

Segja má sjaldgæft að gjaldþrota félag haldi atvinnurekstri áfram. Ástæðan er líklega fólgin í þeirri áhættu sem því er meðfylgjandi fyrir kröfuhafa og eftir atvikum skiptastjóra og þeirri tímapressu sem er til staðar við þá ákvörðunartöku en hana þarf að taka á allra fyrstu dögum gjaldþrotaskiptanna. Þá kann að skorta á samráð milli skiptastjóra og kröfuhafa.

Þó áhætta sé til staðar getur ávinningur sömuleiðis verið verulegur hjá kröfuhöfum eins og áður hefur verið lýst. Í mörgum tilvikum er upplausnarvirði félags lítið eða ekkert og stöðvun rekstrar rýrir ávallt verðmæti hans og getur gert það þungt og kostnaðarsamt að selja einstaka eignir. Við það tapast störf, a.m.k. tímabundið, og önnur verðmæti.

Meiri umræða um aðkomu kröfuhafa eða hluthafa að áframhaldandi rekstri væri jákvæð. ♦

## Lén þrotabúa

Þegar fyrirtæki eru stofnuð er eitt af fyrstu verkum eigenda að skrá lén fyrir starfsemina. Oft er nafn fyrirtækis beinlínis ákveðið út frá því hvaða lén eru laus og jafnvel er kenninafn fyrirtækisins það sama og heiti lénsins. Einnig kemur reglulega fyrir að fyrirtæki skrá firmaheitið hjá Fyrirtækjaskrá, áður en kannað er hvort samsvarandi lén sé laust til skráningar. Þá verða eigendur oft fyrir vonbrigðum.

Alengt er að fólk telji lén vera laust þar sem engin vefsíða birtist þegar lénaheitið er slegið inn í vafra. Það segir þó ekki alla söguna. Lénið getur verið skráð á annan aðila, einstakling eða fyrirtæki, þótt engin virk vefsíða sé tengd við

það. Í mörgum tilvikum er lénið aðeins notað fyrir tölvupóst, eða jafnvel eingöngu skráð í réttthafaskrá ISNIC án frekari notkunar.

### Verðmæti léna

Lén gegna lykilhlutverki í rekstri fyrirtækja. Þau eru heimilisföng fyrirtækja á internetinu og helsta leið viðskiptavina til að finna starfsemina á netinu. Með tímanum geta lén byggt upp verulegt orðspor og viðskiptavild og orðið ein verðmætasta eign fyrirtækisins. Lén ganga reglulega kaupum og sölu, stundum fyrir háar fjárhæðir og dæmi eru um lén sem hafa selst fyrir tugmilljónir króna. Með léninu fylgir oft viðskiptavild sem hefur byggst upp í gegnum áralanga markaðssetningu, þjónustu og hlotið mikið traust viðskiptavina.

### Skiptastjórar og lén þrotabúa

Þegar fyrirtæki verða gjaldþrota eru lén þess í flestum tilvikum í virkri notkun og skráð á félagið. Þegar þannig háttar um lén eru þau oft tengd við vefsíður og tölvupóst, sem viðskiptavinir og starfsfólk nota daglega - jafnvel eftir að fyrirtækið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.



Þegar skiptastjóri er skipaður er mikilvægt að hann hafi hraðar hendur og kanni strax hvort einhver lén séu skráð á kennitölu félagsins og breyti eftir atvikum skráningu þeirra. Þetta ætti að vera meðal fyrstu verkefna skiptastjóra, rétt eins og að tryggja aðgang að bankareikningum, bókhaldi og öðrum eignum félagsins.

Auðvelt er að skoða á [isnic.is](http://isnic.is) á hvern lén eru skráð.

## Aðgangsstýring og öryggi

Ef lén eru skráð á gjaldþrota félag er mikilvægt að skiptastjóri breyti tafarlaust aðgangs-upplýsingum tengiliðs félagsins hjá ISNIC. Gleymist það, geta fyrri eigendur, eða tengdir aðilar gjaldþrota félagsins, mögulega skráð sig inn á auðkenni félagsins og skipt um réttthafa.

Með þeim hætti getur aðillinn „stolið“ léninu af þrotabúinu og haldið starfsemi gangandi undir nýrri kennitölu, á sama léni og viðskiptavinir félagsins verða einskis varir.

Skiptastjóri getur komið í veg fyrir þetta með því að fylla út sérstakt eyðublað á vef ISNIC og breytt skráðu netfangi og farsímanúmeri tengiliðsins. Að því loknu getur hann skráð sig inn á aðganginn, breytt lykilorði og tekið yfir umsýslu lénsins. Ef að skiptastjóri hefur fengið prókúru, getur hann skráð sig inn með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappi og fengið aðgang að auðkenni félagsins undir Míni tengiliðir.

Í flestum tilvikum þarf einnig að breyta rétt-hafa og greiðanda lénsins svo hægt sé að gefa út reikning fyrir næsta árgjaldi og halda léninu virku á meðan unnið er með eignir búsins.

## Verðmæti sem vilja gleymast

Þrátt fyrir að flestir geri sér grein fyrir mikilvægi og verðmæti léna gleymast þau oft í skiptum þrotabús. Ástæðan er meðal annars sú að lén eru yfirleitt ekki færð sérstaklega sem eign í bókhaldi. Þau eru ódýr við skráningu og geta auðveldlega fallið á milli stafs og hurðar við uppgjör þrotabúa.

Alltof algengt er að lén gleymist og að skiptum þrotabús ljúki og að kennitala félagsins verði afskráð hjá Fyrirtækjaskrá. Þá getur ISNIC ekki gefið út reikning fyrir árgjaldi lénsins sem leiðir til þess að lénið lokar daginn eftir eindaga vegna vangreiðslu. Þegar lén hafa verið lokuð samfelld í 30 daga eyðast þau og verða laus til skráningar á ný fyrir hvern sem er. Í mörgum tilfellum eru lén nýskráð sama dag og þau losna, oftast en ekki af fyrrverandi eiganda gjaldþrota félags, eða lénakaupmanni, sem getur verið staddur hvar sem er í heiminum.

“Í sumum tilfellum eru lén verðmætasta eign fyrirtækisins.”

Í sumum tilfellum eru lén verðmætasta eign fyrirtækisins og jafnframt sú sem auðveldast er að selja. Sérstaklega á þetta við þegar um gott og eftirsótt lén er að ræða. Dæmi eru um þekkt innlend lén sem hafa tapast, lén sem hæglega hefði verið hægt að koma í verð sem losna og eru endurskráð fyrir eitt árgjald .is léns.

ISNIC hvetur skiptastjóra til að huga að lénnum þrotabúa áður en verðmæti tapast. ♦

## Staðlar: Falin löggjöf ... og seld

Staðlar eru aldagamalt fyrirbæri sem eiga rætur að rekja til gæðastjórnunar og gæðavottunar í Grikklandi tæpum 1800 árum fyrir Krist þegar ganga þurfti úr skugga um gæði eðalmálma og vins svo dæmi sé tekið. Staðlar nútímans eru notaðir til að brjóta niður viðskiptahindranir, auka velferð, heilsuvernd og öryggi. Staðlar eru skrifaðir af sérfræðingum sem sammælast um lausnir sem byggja á bestu þekkingu, rannsóknum, tækni og vísindum. Tilgangurinn er að einfalda, tryggja hagkvæmni, gæði og farveg fyrir nýsköpun. Staðlar eru oftast valkvæð verkfæri en löggjafar um allan heim hafa þó í auknum mæli nýtt þá sem hluta af regluverki. Alþjóðastofnanir eins og OECD, Worldbank, WTO o.fl. leggja mikla áherslu á staðlanotkun til að brjóta niður viðskiptahindranir sem og að auka velferð og öryggi. Í þessari grein verður farið yfir hvernig staðlar verða hluti af löggjöf og hvernig íslensk stjórnvöld hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína um þennan hluta löggjafarinnar.



### „Nýja aðferðin“

Stjórnvöld víða um heim hafa notað staðla til að útfæra tæknilega flóknar kröfur og tryggja hlítني við löggjöfina. „Nýja aðferð“ Evrópusambandsins (e. New Legislative Framework) notar svokallaða samhæfða staðla (e. Harmonized standards) til að útfæra hönnun, framleiðslu og prófanir á vörum í tugum vöruflokka. Séu staðlarnir notaðir telst varan sjálfkrafa uppfylla kröfur regluverksins og má framleiðandi CE merkja hana og markaðssetja, eftir atvikum eftir skoðun eða prófanir faggilts aðila. Þetta er kallað „ætlað samþykki“. Leikföng, lækningatæki, raftæki og byggingarvörur eru dæmi um vöruflokka þar sem samhæfðir staðlar eru notaðir til að auðvelda framleiðendum að uppfylla kröfur um öryggi, neytendum að auðkenna öruggar vörur, seljendum og dreifingaraðilum að velja öruggar

vörur til sölu og eftirlitsaðilum að sinna opinberri markaðsgæslu.

#### 4.000 samhæfðir staðlar eru hluti af íslenskri löggjöf

Tæplega 4.000 samhæfðir staðlar eru hluti af löggjöf um vöruöryggi samkvæmt ákvörðun ESB og dómi Evrópudómstólsins. Þessi löggjöf er innleidd hér á landi og Staðlaráð Íslands staðfestir staðlana sem íslenska. Þegar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins óskar stöðlunar á tilteknum sviðum birtir hún tilvísanir til staðlanna í regluverkinu og auglýsir þá í Stjórnartíðindum sínum.

Evrópudómstóllinn hefur með dómi skyldað framkvæmdastjórn ESB til að veita endurgjaldslausan aðgang að samhæfðum stöðlum í samræmi við reglugerð (EC) 1049/2001. Vegna aðildar Staðlaráðs Íslands að evrópskum staðlasamtökum, tekur ráðið á sig þessa skyldu og er hægt að sækja um aðgang að samhæfðum stöðlum á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Íslenskum stjórnvöldum ekki tekist vel upp með að upplýsa almenning.

Íslenskum stjórnvöldum hefur þó ekki tekist vel upp með að upplýsa almenning um þennan hluta löggjafarinnar og virðast engin áform uppi um slíkt. Það er

miður. Eina undantekningu er að finna á þeim upplýsingaskorti, á vefnum [www.samhaefdirstadlar.is](http://www.samhaefdirstadlar.is) sem geymir lista með u.þ.b. 550 samhæfðum stöðlum sem uppfærður er reglulega. Þar má finna staðla sem segja til um hönnun, framleiðslu og prófanir ýmissa byggingarvara sem tryggja notagildi þeirra, virkni og öryggi.

ESB hefur hins vegar sett sér stefnu um að nota staðla í auknum mæli sem hluta af regluverki sínu, þ.m.t. um gervigreind.

#### Önnur stöðluð gæðainnvirki

Til viðbótar við staðla sem fylgja löggjöf um vöruöryggi voru tilmæli framkvæmdastjórnar ESB um notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki felldar inn í EES samninginn árið 2005. Í byggingarreglugerð segir „Um hönnun og útreikninga á grundun og burðarvirkjum gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar ásamt íslenskum þjóðarviðaukum.“ Þessi eina setning virkjar 9.000 blaðsíður af kröfum sem skylda er að fylgja við hönnun mannvirkja til að tryggja að þau þoli jarðskjálfta, séu rétt grunduð, þoli veður og vinda o.s.frv. Engar frekari upplýsingar eru gefnar um þennan hluta laganna en hann er seldur í vefverslun Staðlaráðs.

Tilvísanir til staðla eru yfirleitt gerðar án samráðs við Staðlaráð Íslands.

Staðlaráð gert að selja sömu staðla.

Íslenski löggjafinn hefur líka vísað til staðla í tugum annarra laga og reglugerða, ýmist með bindandi hætti, leiðbeinandi eða valkvæðum. Oft er alls ekki ljóst til hvers er vísað, t.d. þegar krafa er gerð um að viðurkenndum eða samþykktum stöðlum sé fylgt. Tilvísanir til staðla, hvort sem þeir eru íslenskir eða alþjóðlegir eru líka yfirleitt gerðar án samráðs við Staðlaráð Íslands og jafnvel þótt notkun þeirra sé gerð skyldubundin hefur endurgjaldslaust aðgengi að þeim alla jafna ekki verið tryggt fyrir notendur. Staðlaráði er hins vegar gert að selja þessa sömu staðla til að fjármagna rekstur og viðhald á kerfinu sem komið var á með EES samningnum og er hluti af þjóðréttarlegum skuldbindingum okkar.

### Hryggjarstykki samfélagslegra gæða

Staðlaráð Íslands eru hagsmunasamtök þeirra sem hafa hag af stöðlum. Þúsundir staðla eru hluti af löggjöfinni sem segir til um útfærslu á tæknilega flóknum kröfum löggjafarinnar, virkni og samhæfi og notkun þeirra verndar líf okkar og heilsu á hverjum degi. Þess

Best er þegar við vitum ekki af notkun staðla.

utan tryggja þeir samvirkni kerfa og eru hryggjarstykki samfélagslegra gæðainniðna á Íslandi, eins og neytendaverndar, mannvirkja-gerðar, fjarskipta, netöryggis og árangurs í umhverfismálum.

Best er þegar við vitum ekki af notkun staðla því þá virkar allt eins og það á að gera. Þegar þeim er hins vegar ekki fylgt, eða eitthvað fer úrskaiðis, þá finnum fyrir því, oft með talsverðum tilkostnaði eins og til dæmis gallar í mannvirkjum og mistök við opinberar framkvæmdir bera vitni um. ♦



## Gluggað í ársskýrslu LMFÍ

### Stjórn

Á síðasta starfsári var Stefán Andrew Svensson formaður en í stjórn voru kosin Hildur Ýr Viðarsdóttir varaformaður, Sigrún Helga Jóhannsdóttir, Auður Björg Jónsdóttir og Arnar Vilhjálmur Arnarsson. Um mitt tímabil fór Hildur Ýr til annarra starfa og sagði sig úr stjórn félagsins í kjölfarið en þá tók Sigrún Helga við sem varaformaður. Gísli G. Hall tók við sem aðalmaður í stjórn en auk hans voru Guðmundur Ingvi Sigursson og Bergrún Elín Benediktsdóttir varamenn.

### Inn og út

Alls 31 félagi var nýskráður í LMFÍ og 31 félagi leysti til sín eldri málflytningsréttindi á sama tíma og 65 lögmenn voru teknir af félagaskrá. Af þeim voru felld niður réttindi fimm lögmanna að kröfu félagsins þar sem viðkomandi lögmenn uppfylltu ekki skilyrði 12. gr. lögmanna laga nr. 77/1998. Þrjú félagsmenn féllu frá á starfsárinu, þau Jón Eysteinnsson, Margrét Heinreksdóttir og Þórður S. Gunnarsson.

### Hagnaður ársins

Afkoma allra þriggja rekstrareininga félagsins var vel viðundandi á rekstrarárinu og niðurstaða þeirra jákvæð. Þannig var hagnaður af rekstri lögbundna hlutans 9.404.348,- félagsdeildar kr. 3.811.357,- og Námssjóðs kr. 224.039,- Þetta er viðsnúningur frá fyrra ári.

### Fjárvörslureikningar og starfsábyrgðartryggingar

Skil á fjárvörsluyfirlýsingum lögmanna gekk þokkalega á árinu 2025. Stjórn félagsins þurfti engu að síður að fara fram á niðurfellingu málflytningsréttinda 17 lögmanna vegna vanskila en af þeim skiluðu 14 yfirlýsingu áður en til niðurfellingar sýslumanns kom. Réttindi þriggja lögmanna voru felld niður. Þá voru málflytningsréttindi eins lögmanns felld niður vegna vanhalds á starfsábyrgðartryggingu.

## Tillaga um einfaldari hátt við höfðun einkamála

Samkvæmt 93. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála („eml.“) telst einkamál höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku eintaks hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna, eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum eintak stefnu og þingfestir málið. Hér er ekki ástæða til að fjalla ítarlega um þann hátt sem hafður verður á við birtingu stefnu samkvæmt 1. og 2. mgr. 83. gr. eml. eða hvernig stefnu verður komið á framfæri samkvæmt 3. mgr. 83. gr. laganna. Þó er rétt að nefna að samkvæmt 2. mgr. 83. gr. laganna telst stefna nægilega birt, að uppfylltum skilyrðum 89. gr. laganna, ef stefnan er auglýst í Lögbirtingablaði. Skilyrði a- og b-liða 1. mgr. 89. gr. laganna eru hins vegar þess eðlis að þau reisa töluverðar skorður gegn því að birting stefnu í Lögbirtingablaði geti talist auðfengið úrræði fyrir stefnanda.

Í þessari grein verður lagt til að tekinn verði upp einfaldari háttur við höfðun einkamála, þ.e. að mál teljist höfðað þegar stefnandi leggur stefnu fram á dómþingi héraðsdóms eða þegar stefnan er birt, árituð eða henni komið á framfæri, hvort sem fyrir gerist.



### Slit fyrningar með höfðun máls

Ýmis „óbein“ réttaráhrif fylgja höfðun einkamála, þ.e. til viðbótar þeim réttaráhrifum sem að er stefnt með málsmeðferðinni sem slíkri. Meðal mikilvægustu „óbeinna“ réttaráhrifa eru að líkindum þau að með höfðun máls er fyrningu viðkomandi kröfu slitið, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfurettinda. Vissulega er unnt að slíta fyrningu með öðrum hætti líkt og mælt er fyrir um í IV. kafla laganna, en telja má höfðun dómsmáls þann raunhæfasta fyrir kröfuhafann í flestum tilvikum, í það minnsta þegar kröfuhafinn hefur enn ekki heimild til að krefjast fullnustugerðar fyrir kröfunni, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Slit fyrningar eru gjarnan háð því að stefnanda takist að fá stefnu birta.

Af framangreindu leiðir að slit fyrningar eru gjarnan háð því að stefnanda takist að fá stefnu birta eða henni komið á framfæri með einhverjum þeim hætti sem mælt er fyrir um í 83. gr. eml. Af því leiðir meðal annars tvennt:

- Kröfuhafinn ber áhættuna af því hvort honum tekst að slíta fyrningu. Það er í sjálfu sér eðlileg regla. Á hinn bóginn liggja fyrir dæmi í íslenskum rétti sem sýna að kröfuhafinn getur mætt erfiðleikum við að leita réttar síns sökum þess að örðugt reynist að fá stefnu birta fyrir skuldaranum.
- Hvati skapast fyrir stefnda í fyrirhuguðu dómsmáli til að gera stefnanda erfitt fyrir við að höfða málið. Þá getur stefndi, sem á heimili eða aðsetur erlendis, verið betur settur en ella – og ekki verður útilokað að stefndi hafi jafnvel hvata til að flytjast búferlum til annarra landa þar sem stefnandi á óhægt um vik með að hafa uppi á stefnda eða að fá stefnu birta fyrir honum, sbr. 1. mgr. 90. gr. eml.

Slit á fyrningu kröfu eiga með réttu að vera fremur einföld og auðframkvæmanleg athöfn. Spyrja má hvort eðlilegt sé að löggjafinn geri lágmarkskröfur til þess hversu veigamiklar aðgerðir stefnandi þarf að ráðast í til að slíta fyrningu – nánast sem prófraun um

viljastyrk hans við að ná fram rétti sínum. Löggjafinn hefði vissulega getað mælt fyrir um að það nægði til að slíta fyrningu kröfu að kröfuhafinn sendi ábyrgðarbréf til skuldarans með yfirlýsingu um slit fyrningar. Það er að einhverju marki pólitísk ákvörðun, sem hugsanlega má sýna skilning, að ábyrgðarbréf nægi ekki til að slíta fyrningu kröfu, heldur þurfi kröfuhafinn að sýna fram á það með veigameiri hætti að honum sé alvara að fylgja kröfunni eftir. Þannig hefur löggjafinn ákveðið að höfðun dómsmáls hafi yfir sér fullnægjandi yfirbragð alvörugefinnar tilraunar kröfuhafans í þeim efnum.

Kröfur um birtingu stefnu eru óþarflega íþyngjandi.

Greinarhöfundur telur hins vegar ósanngjarnt og óþarflega íþyngjandi fyrir kröfuhafann að höfðun máls sé bundin við þau atriði sem talin eru í 93. gr. eml., þar sem birting stefnu er oft raunhæfasta úrræðið. Til stuðnings því má nefna eftirfarandi:

1. Þó að rétt sé og sanngjarnt að stefndi fái upplýsingar um höfðun dómsmálsins má benda á að stefnur eru gjarnan birtar fyrir öðrum en stefnda sjálfum og að í þeim tilvikum fær stefndi ekki upplýsingar um málshöfðunina jafnskjótt og hún á sér stað að gildandi rétti.
2. Ef höfðun máls og þar með slit á fyrningu kröfu eru bundin við birtingu stefnu er sá

fyrningarfrestur sem „nýtist“ kröfuhafa við að undirbúa málsókn mislangur eftir því hversu langan tíma kröfuhafi þarf til að fá stefnuna birta.

3. Fyrirsjáanlegir erfiðleikar við að fá stefnu birta fyrir stefnda, t.d. þegar stefndi er búsettur erlendis, geta knúið stefnanda til að hefjast handa við stefnubirtingu mörgum mánuðum fyrir lok fyrningarfrests til að tryggja að birting stefnu takist í tæka tíð. Slíkir erfiðleikar geta jafnvel ráðið úrslitum um hvort stefnanda tekst birting stefnu áður en krafan fyrnist. Þar að auki má telja að við tiltekna lögákveðnar aðstæður, t.d. í kjölfar vísunar máls frá dómi þegar fyrningarfrestur er liðinn, geti sex mánaða málshöfðunarrestur („viðbótarfyrningarfrestur“) samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 150/2007 verið í skemmra lagi fyrir undirbúning nýs dómsmáls og birtingu stefnu á ný fyrir stefnda sem býr erlendis. Sambærileg sjónarmið geta átt við um sex mánaða málshöfðunarrest samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

### Tillaga að úrbótum

Komast má hjá framangreindu óhagræði og ósanngirni með því að dómsmál teljist höfðað – og fyrningu þar með slitið – með því að stefnandi leggur stefnu fram á dómþingi héraðsdóms eða þegar stefnan er birt (eða árituð eða henni komið á framfæri), hvort sem fyrir gerist. Eiginleg málsmeðferð fyrir dómi hæfist hins vegar aldrei fyrir en eftir birtingu eða áritun stefnunnar eða einhvers konar tilkynningu til stefnda um málshöfðunina.

Reglur í framangreinda átt, þar á meðal um nokkurt forræði dómstóla á birtingu stefnu, er til dæmis að finna í 17. og 33. kafla dönsku réttarfarslaganna (Retsplejeloven nr. 90 frá 11. apríl 1916 með síðari breytingum). Þar er auk þess mælt fyrir um að birting stefnu geti farið fram með nokkuð víðurhlutaminni hætti en mælt er fyrir um í 83. – 90. gr. eml. Sambærilegar reglur er að finna í rétti Noregs og Svíþjóðar.

Ekki verður talið að hagsmunir stefnda verði fyrir borð bornir með því að dómsmál teljist höfðað með framlagningu stefnu í héraðsdómi. Í því sambandi má nefna eftirfarandi:

- Í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu segir að ætíð sé heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr. laganna. Sjálfsagt væri að breyta þessu ákvæði með hliðsjón af framangreindum tillögum, t.d. þannig að ætíð væri heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku eintaks hennar o.s.frv.
- Einhver kynni að halda því fram að rétt sé að stefndi fái upplýsingar um málshöfðun á hendur honum jafnskjótt og málið er höfðað. Í því sambandi er þess þó að geta að stefndi fær ekki endilega upplýsingar um málshöfðun jafnskjótt og stefna hefur verið birt fyrir einhverjum sem er „bær um að taka við henni í hans stað“, sbr. a-lið 1. mgr. 83. gr. eml., eða þegar stefnuvottar „birta“ stefnur hver fyrir öðrum við lögheimili stefnda, eins og dæmi eru um.
- Því mætti auðveldlega koma við að stefndi fengi upplýsingar í miðlægum grunni, til

dæmis í gegnum island.is, þegar dómsmál hefur verið höfðað á hendur honum með framlagningu stefnu í héraðsdómi. Raunar mætti ganga lengra og heimila að stefnur séu birtar í rafrænu pósthólfi stefnda, svo sem löggjafinn hefur talið fullnægjandi birtingarhátt á ákærum samkvæmt 1. mgr. 156. gr. a. í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hvað sem öðru líður myndi stefndi ávallt á endanum fá upplýsingar um málshöfðunina, þrátt fyrir lagabreytingar í þá átt sem hér eru lagðar til, enda myndi eiginleg meðferð dómsmáls ekki hefjast fyrr en stefnan væri birt o.s.frv.

- Höfðun dómsmáls og slit fyrningar með framlagningu stefnu í héraðsdómi væru ekki í eðli sínu frábrugðin slitum fyrningar þegar kröfuhafi leggur mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald eða leggur kröfu fyrir

kæru- og úrskurðarnefndir samkvæmt 1. eða 2. mgr. 16. gr. laga nr. 150/2007. Slit fyrningar með þeim hætti fara með öðrum orðum fram án þess að skuldarinn fái jafnskjótt upplýsingar þar um.

Réttarbót að gerðar yrðu breytingar á lögum um meðferð einkamála.

Það væri réttarbót að gerðar yrðu breytingar á lögum um meðferð einkamála og á lögum um fyrningu kröfuréttinda í þá átt sem að framan er lagt til. ♦

# Nýtur trúin á réttarríkið verndar trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar?

**Í nútíma lýðræðisríkjum er réttarríkið grundvallarstoð sem tryggir réttlæti og fyrirsjáanleika í samfélaginu. Kjarni þess felst í nokkrum meginreglum sem eiga sér meðal annars stoð í stjórnarskránni.**

Lögmætisreglan kveður á um að allar ákvarðanir og athafnir stjórnvalda verði að byggjast á lögum og því meira íþyngjandi sem athöfnin er, þeim mun ríkari kröfur eru gerðar til lagaheimildarinnar. Á toppnum trónir svo stjórnarskráin og þurfa lög að vera í samræmi við hana. Sú vernd mannréttinda sem stjórnarskráin tryggir er óaðskiljanlegur hluti af réttarríkinu og dómstólar gegna lykilhlutverki í að tryggja þessa vernd. Umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað fjallað

um þessar grundvallarreglur og lagt áherslu á að stjórnvöld, þar meðtaldar kær- og úrskurðarnefndir, beri ábyrgð á því að virða stjórnarskrá og alþjóðlegar mannréttinda-skuldbindingar.

Það að lög og framkvæmd þeirra samræmist stjórnarskrá er því ekki val eða viðmið, heldur kjarni réttarríkisins.

## Trúin á réttarríkið

Haustið 2024 sótti undirrituð um auglýsta stöðu nefndarmanns í kærunefnd útlendingamála. Umsóknir voru metnar af sérstakri hæfnisnefnd. Í fyrstu drögum að álitni nefndarinnar, þar sem fjallað var um „persónulega hæfnipætti“, sagði:

„Í viðtölum lýsti Arndís Anna áhuga og metnaði á málaflokkum sem eru til umfjöllunar hjá kærunefnd útlendingamála og miklum skoðunum á löggjöf um útlendinga. Þótt svör hennar um aðgreiningu siðferðis og laga hafi verið skýr vöktu svörin, t.d. varðandi vafa á stjórnskipulegu gildi laga um útlendinga, áhyggjur hæfnisnefndarinnar á því að drifkraftur hennar í starfinu yrði að knýja á um breytingar sem samrýmdust ákveðnum lífsskoðunum.“



Þessi tilvísun til „lífsskoðana“ vakti furðu mína. Orðið *lífsskoðun* hefur nefnilega skýra merkingu í íslenskum rétti og er meðal annars skilgreint í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði sem veraldleg hliðstæða *trúarbragða*, þ.e. sannfæring um siðferðileg og heimspekileg viðhorf til lífsins sem nýtur verndar gegn mismunun.

Ég óskaði því eftir nánari skýringum á því hvaða „lífsskoðanir“ væri átt við og að hverju áhyggjur nefndarinnar lytu, þar sem það kom ekki fram í drögum. Í nýjum drögum sem mér voru send hafði orðalaginu verið breytt og sagði þar:

„Þótt svör hennar um aðgreiningu siðferðis og laga hafi verið skýr vöktu svörin áhyggjur hæfnisnefndarinnar á því að drifkraftur hennar í starfinu yrði að knýja á um breytingar sem samrýmdust skoðunum hennar á lögum um útlendinga. Lítur nefndin í því sambandi m.a. til svara Arndísar Önnu í síðara viðtali þess efnis að hún hafi hikað við að sækja um starfið vegna þess sem hún telur vera óvissa um stjórnskipulegt gildi útlendingalaga.“

## Hvaðan kom þetta?

Aðdragandann má rekja til meðferðar lagafrumvarps á Alþingi til breytingar á lögum um útlendinga. Við meðferð frumvarpsins vöktu þingmenn (undirrituð þeirra á meðal) máls á því að ákveðin ákvæði frumvarpsins kynnu að stangast á við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í þingnefnd var farið fram á að utanaðkomandi aðili, nánar tiltekið Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, yrði fenginn til að yfirfara frumvarpið með tilliti til stjórnarskrár áður en það yrði samþykkt, en því var hafnað af hálfu meirihluta þingsins.

Sem lögfræðingi fannst mér þetta eðlileg

og fagleg krafa. Þegar sett eru lög sem hafa íþyngjandi áhrif á stöðu einstaklinga í samfélaginu, réttindi þeirra og skyldur, er sjálfsagt að kanna hvort þau samrýmist æðstu réttarheimild landsins áður en þau taka gildi. Sú afstaða byggist einfaldlega á kjarna réttarríkisins og virðingu fyrir þeirri grundvallarstöð okkar réttarkerfis sem stjórnarskráin er.

Þriggreining ríkisvaldsins er annar hornsteinn þessa kerfis og samkvæmt stjórnarskránni kemur það í hlut dómstóla að skera úr um stjórn skipulegt gildi laga. Stjórnsýslan getur almennt ekki virt lög að vettugi nema um augljós stjórnarskrárbrot sé að ræða. Einmitt þess vegna skiptir máli að lög standist stjórnarskrá þegar þau eru sett, og augljóslega getur það sett stjórnvöld í erfiða stöðu geri þau það ekki.

## Lögfræðileg lífsskoðun?

Sú „lífsskoðun“ sem hæfnisnefndin mat um-sækjanda til vansa voru því lögfræðilegar áhyggjur af því að vafi léki á um að tiltekin ákvæði laga um útlendinga stæðust stjórnarskrá. Sú sannfæring að lög eigi að vera í samræmi við stjórnarskrá er hins vegar hvorki persónuleg lífsskoðun, pólitísk afstaða né sérvíska einstakra lögfræðinga. Hún er einfaldlega undirstaða réttarríkisins og grundvöllur okkar stjórnskipunar.

Í 64. gr. stjórnarskrárinnar segir að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna. Ef sú afstaða að lög þurfi að vera í samræmi við stjórnarskrá er talin til trúarbragða af því tagi, líkt og hæfnisnefndin virtist gera, vaknar því áhugaverð stjórnskipuleg (hring) spurning: Nýtur trúin á réttarríkið verndar trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar? ♦

## Lestur lögmannna

Ég hef nokkuð oft átt samtöl við börnin mín um hvað ég geri í vinnunni minni. Margir kannast trúlega við það. Jú, ég er lögfræðingur, lögmaður meira að segja. En hvað er það samt nákvæmlega sem ég vinn við að gera?

„Að skrifa bréf“ var lengi vel kenning þeirra og hún var í sjálfu sér ekki svo galin. Að betur athuguðu máli, og eftir fleiri samtöl okkar á milli, kom þó í ljós að þetta var kannski ekki alveg nákvæm greining.

### „Kunnátta og fagmennska“

Nú lesum við sennilega fæst siðareglur lögmannna reglulega. Í þeim er þó að finna ákvæði sem geta hjálpað við þessar vangaveltur. Þar er nefnilega tekið fram í 8. gr. að lögmaður skuli ekki taka að sér verkefni ...

„sem hann veit eða má vita að hann er ekki fær um að sinna af kunnáttu og fagmennsku, nema verkið sé unnið í samstarfi við hæfan lögmann á viðkomandi sviði.“ Þá segir líka í 40. gr. a að lögmanni sé ... „skylt að viðhalda fræðilegri þekkingu og faglegri hæfni, eftir atvikum með því að sækja sér endurmenntun, sem nauðsynleg er til að rækja starfann.“

Þarna erum við þá einhverju nær; lögmönnum ber að sinna verkefnum sínum af kunnáttu og fagmennsku og þeim er skylt að viðhalda fræðilegri þekkingu og faglegri hæfni sinni. Gott og vel.

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins birtist greinin „Skylda um endurmenntun lögmannna“ eftir Samúel Gunnarsson lögmann. Færði hann meðal annars góð rök fyrir því að alls óvíst væri að sérstök skylda til endurmenntunar lögmannna myndi bera árangur og að fyrrnefnd skylda, samkvæmt siðareglum lögmannna, ætti að duga.

Undir þetta má taka. Þótt siðareglurnar séu í eðli sínu vísireglur, og matskenndar eftir því, þá blasir einmitt við að til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þeim,



og tryggt gæði þeirrar ráðgjafar og þjónustu sem við veitum, felst stór þáttur í starfi okkar óhjákvæmilega í því viðvarandi verkefni að viðhalda kunnáttunni.

Viðvarandi verkefni að viðhalda kunnáttunni.

### Að viðhalda þekkingu sinni

Til þess að geta veitt góða ráðgjöf þarf lögmaðurinn að fylgjast vel með og þekkja reglurnar og beitingu þeirra. Þó það nú væri.

Ég verð samt að viðurkenna að það kom mér aðeins á óvart þegar ég byrjaði í lögmennsku fyrir áratug hversu umfangsmikið verkefni það væri að halda þekkingu sinni við og halda sér yfirleitt nokkurn veginn uppfærðum. Fjarvera frá vinnu í nokkra mánuði í fæðingarorlofi sýndi til dæmis vel hversu fljótt regluverkið getur breyst og þekking orðið úrelt.

Oft rúmast þessi öflun og viðhald „fræðilegrar þekkingar og faglegrar hæfni“ nú sem betur fer innan verkefnisins hverju sinni. Við undirbúning dómsmáls er eðlilega nauðsynlegt að fara vel yfir réttarstöðuna; þegar beðið er um minnisblað þarf að byrja á því að skoða lagagrundvöllinn og framkvæmdina á viðkomandi sviði; þegar óskað er eftir aðstoð við fjárskipti hjóna þarf að hafa yfirsýn yfir gildandi rétt.

Stundum er samt útilokað að sinna þessu verkefni með góðu móti nema í frítímanum.

Þetta er sérstaklega viðfangsefnið á þeim réttarsviðum sem lúta reglum sem stafa frá Evrópu. Af nógu er þar að taka, eins og við þekkjum til dæmis varðandi persónuvernd, upplýsingaöryggi, gervigreind, og umhverfis- og orkumál. Í dæmaskyni er áhugavert að líta sérstaklega á regluverk tengt fjármálamörkuðum. Samtök fjármála-fyrirtækja vöktu nýlega athygli á því að á árunum 2018 til 2023 hefðu nærri 700 reglur á því sviði verið innleiddar í EES-samninginn eða um 140 á ári. Samanlagður fjöldi nýrra laga og reglna var þar talinn um 150 á tímabilinu 2023 til 2025, að frátöldum viðmiðunarreglum og leiðbeinandi tilmælum á sama tímabili. Bentu samtökin á að dæmi væru um „úttektir sem hefðu leitt í ljós að um væri að ræða um 95.500 blaðsíður.“<sup>1</sup> Þarna má til dæmis nefna innleiðingu á DORA-reglugerðinni, sem er engin smásmíði.

Á árunum 2018 til 2023 hefðu nærri 700 reglur á því sviði verið innleiddar í EES-samninginn eða um 140 á ári.

Auðvitað blasir við að það er ómögulegt að ætla sér að fylgjast með öllu – svo ég tali nú ekki um ef lögmaður slyst síðan til að hafa önnur áhugamál en lögfræði – en verkefnið getur samt óneitanlega reynst aðeins yfirþyrmandi.

<sup>1</sup> „Sköpum verðmæti og drögum úr flækjum – ekki ofugt“, grein eftir Írisi Björk Hreinsdóttur, yfirlögfræðing SFF, sem birtist á Innherja 26. desember 2025. <https://www.visir.is/g/20252821800d/skopum-verdmaeti-og-drogum-ur-flaekjum-ekki-ofugt>

## „Í hvaða málum ertu svona helst?“

Við þetta bætist að íslenskir lögmenn eru gjarnan meiri „generalistar“ heldur en kollegar okkar erlendis, eins og er óhjákvæmilegur fylgifiskur fámennisins. Þetta er vissulega farið að breytast og sérhæfing lögmanna að aukast en okkur er flestum þó yfirleitt nauðsynlegt að vera í það minnsta viðræðuhæf, og helst vel það, á nokkuð mörgum réttarsviðum.

Fyrir vikið er oft aðeins snúið að svara spurningunni „já en í hvaða málum ertu svona helst?“ Er fyrirvarsmáður umbjóðandans að skilja? Og stendur líka til að selja fyrirtækið? Hvernig eru persónuverndarmálin stödd? Þarf að uppfæra innri reglur félagsins? Var kannski að uppgötvast galli á fasteigninni? Er ágreiningur við fyrrverandi starfsmann?

Við stöndum þannig oft frammi fyrir því að þurfa að geta aðstoðað við mjög fjölbreytt viðfangsefni. Aðferðarfræðin og vinnubrögðin sem við lærum í laganáminu er að sjálfsögðu lykilatriði og reynsla vegur auðvitað þungt en staðreyndin er samt sú að það fer mikill tími í það að fylgjast með og halda þekkingunni uppfærðri. Þróunin ber heldur ekki sérstaklega með sér að lögum, reglum, tilskipunum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum, leiðbeiningum, eða fordæmum fari fækkandi, nema síður sé.

## Aukin sérhæfing svarið?

Auðvitað gerir sama manneskjan samt ekki allt og enginn er sérfræðingur í öllu. Í framkvæmd er væntanlega óhjákvæmilegt að afmarka sig frekar við ákveðna málaflokka. Aftur á móti má vel halda því fram að víðtæk þekking og reynsla lögmanns á einu réttarsviði styðji oft vel við annað. Lögmanni, með þekkingu á breiðu sviði, er þannig kleift að veita umbjóðanda sínum heildstæða þjónustu sem getur reynst mjög gagnlegt.

Það verður líka að viðurkennast að fjölbreytni verkefnanna er einmitt ein af ástæðum þess hvað þetta starf er skemmtilegt. Væri áhugaverðara að vera bara á kafi í ISDA-samningum allan daginn? Ég hallast í það minnsta sjálf að því að þessi margbreytileiki sé frekar kostur en nokkuð annað - og að í honum felist raunar aðdráttarafli lögmennskunnar, þótt honum fylgi áskoranir.

Margbreytileiki sé frekar kostur en nokkuð annað.

Eftir yfirlegu hefur mér þannig held ég tekist að kjarna ágætlega hvað ég vinn við.

Jú, ég vinn við það að lesa, mjög, mjög mikið. ♦

## Kom vel undirbúinn til leiks

Viðtal við Benedikt Smára Skúlason lögmann hjá Cicero lögmannsstofu.

**Þrátt fyrir að Benedikt Smári Skúlason hafi einungis stundað lögmennsku í rúmt ár hefur hann víðtæka reynslu af lögfræðistörfum úr réttarkerfinu. Áður var hann saksóknari hjá ákærvaldinu og löglærður aðstoðarmaður dómara auk annarra starfa í stjórnýslunni. Nú er hann sjálfstætt starfandi lögmaður hjá Cicero lögmannsstofu og Lögmanna blaðinu lék forvitni á að vita hvernig reynsla hans úr réttarkerfinu nýtist honum í lögmennsku.**

Hvernig nýtist starfsreynsla þín frá dómstólunum?

Ég brýndi hnífana í sex ár hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hef stundum grínast með að þau ár hafi gert mig að hálfgerðum svissneskum vasahníf í lögfræði. Þar starfa að mínu mati margir af færustu lögfræðingum landsins og það var mikið heillaspor fyrir ungan lögfræðing að komast þar að og fá að sitja við fótiskör þeirra.

Í dómnum er maður í snertingu við lögfræðina alla daga en kynnist jafnframt föstum verkferlum, til dæmis á sviði innheimtu- og gjaldþrotamála. Maður verður kannski ekki sérfræðingur á einu tilteknu sviði en lærir afar mikið um fjölmörg praktísk réttarsvið.





Myndir þú hvetja unga lögfræðinga til að sækjast eftir störfum sem aðstoðarmenn dómara?

Alveg tvímælalaust. Þú finnur ekki marga staði sem veita sambærilega reynslu í ritun úrskurða og dóma. Starfið felur einnig í sér að þú kynnist ólíkum réttarsviðum á skömmum tíma. Svo öðlast maður líka verðmæta innsýn í starfsemi réttarkerfisins. Það er varla til betri grunnur fyrir ungan lögfræðing.

sterkur grundvöllur sakamála er hverju sinni. Sú reynsla nýtist afar vel nú, þegar ég starfa bæði sem verjandi og sem réttargæslumaður brotaþola.

Hefur þú einhver heilræði fyrir verjendur sem koma í skýrslutökur hjá lögreglu eða saksóknara ásamt sakborningi?

Að hlusta vel. Í öllum tilvikum. Ekki aðeins á spurningarnar sjálfar, sem lagðar eru fyrir skjólstæðinginn, heldur líka hvernig þær eru bornar fram, á hvaða formi og í hvaða tóni. Eins að fylgjast gaumgæfilega með því hvaða gögn eru borin undir skjólstæðinginn en af þeim má oft ráða um stöðu rannsóknarinnar og að hverju nákvæmlega athygli lögreglu beinist.

Sem fyrrverandi sækjandi veit ég líka hversu mikið vægi fyrsti framburður getur haft þegar sönnunarstaða máls er metin síðar meir. Sakborningar mæta gjarnan undir miklu álagi og vilja stundum ósjálfrátt „tala sig út úr“ málinu, jafnvel áður en næg yfirsýn liggur fyrir. Þá þarf verjandinn að sjá tvo leiki fram í tímann og meta hvort það þjóni hagsmunum umbjóðandans að skýra málið strax eða hvort réttara sé að stíga varlega til jarðar.

Ef sakborningur ákveður að tjá sig er langbest að gera það í einlægni og eftir bestu vitund. Rannsóknarlögreglumenn eru almennt hæft og reynslumikið fólk sem greinir fljótt ef framburður er yfirborðskenndur eða augljóslega æfður. Hlutverk verjandans er ekki að móta tilbúna frásögn heldur að hjálpa umbjóðandanum að skilja stöðuna, réttindi sín og afleiðingar þess að tjá sig eða tjá sig ekki.

## Auga fyrir smáatriðum

En hvað með störf þín hjá ákærvaldinu, hvernig nýtast þau?

Hjá ákærvaldinu starfa sömuleiðis framúrskarandi lögfræðingar og ég naut góðs af því að geta leitað til þeirra. Það starf byggði meira á sérfræðiþekkingu og það var öðruvísi upplifun að kafa djúpt ofan í eitt tiltekið réttarsvið. Ég starfaði lengst af hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í kynferðisbrotadeild. Þegar unnið er daglega að rannsókn sakamála innan sama málaflokks fær maður smám saman auga fyrir smáatriðum og ákveðnum blæbrigðum sem geta skipt sköpum þegar uppi er staðið.

Að starfa sem sækjandi, þar sem hlutverkið felst í því að greina sönnunarstöðu og meta hvort mál séu líkleg til sakfellis, þjálfar sömuleiðis upp tilfinningu fyrir því hversu

Lögmenn eiga það til að taka vinnuna með sér heim sem getur verið sérstaklega erfitt í sakamálum. Ertu með einhver ráð um hvernig best er að skilja að einkalíf og lögmennsku?

Að viðhalda heilbrigðu jafnvægi þarna á milli er eilífðarverkefni. Besta ráðið sem ég get gefið er að muna að lögfræðistörfin eru langhlaup og því er mikilvægt að hlaða batteríin á milli. Til að sinna umbjóðendum sínum af heilindum verður maður að gefa sér svigrúm til að hvílast og huga að sjálfum sér svo hægt sé að takast á við málin af fullum krafti. Síðan eru góðir kollegar gulls ígildi og það er ómetanlegt að geta leitað ásjár þeirra þegar glímt er við stór og erfið mál.

## Rekstrarhliðin lærdómsrík

Kom eitthvað á óvart þegar þú hófst sjálfstæðan rekstur sem lögmaður?

Það kom mér óneitanlega á óvart hversu ríkur þáttur af starfinu viðskiptahliðin og dagleg samskipti við umbjóðendur er. Eðli málsins samkvæmt felur vinna hjá ríkisstofnunum ekki neitt slíkt í sér og sú reynsla og þekking sem ég öðlaðist hjá dómstólunum undirbjó mig ekki beinlínis undir þennan þátt. Rekstrarhliðin og utanumhaldið sem henni fylgir hefur sömuleiðis verið lærdómsríkur vettvangur fyrir mig.

Hvernig er að vera sjálfstætt starfandi lögmaður á Íslandi í dag?

Það kemur á daginn að klisjan er sönn um að starfið sé fjölbreytt og enginn dagur eins. Ég hef starfað í lögmennsku í rúmt ár núna og það

hefur alveg verið rússíbani; bæði gefandi og mjög krefjandi. Mest hef ég sinnt sakamálum, barnaverndarmálum, útlendingamálum og skiptastjórn og ég hef reynt að taka öllum verkefnum með opnum huga. Mér finnst ég hafa komið vel undirbúinn til leiks í krafti fyrri starfa hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Að mínu mati er lögfræðigrunnur innan réttarkerfisins gott veganesti fyrir þá sem stefna að lögmennsku í framtíðinni. Það styrkir mann að stíga út fyrir þægindarammann og læra á nýjar hliðar lögfræðinnar. ♦



## Verðum við öll tækniráðgjafar eða ferlahönnuðir?

**Gervigreindin hefur breytt störfum lögfræðinga. Þetta er ekki lengur spurning um hvort eða hvenær, heldur hve hratt og að hversu miklu marki.**

Á dögunum bárust fréttir af því að AGRD Partners, nýstofnuð norræn samstæða fjármögnuð af sænska fjárfestingarsjóðnum Axcel, hefði fjárfest í BBA//Fjeldco, einni af stærstu lögmannsstofum landsins. Eflaust verður mikið rætt og ritað um fjárfestingu annarra en lögmannna í lögmannsstofum á næstunni, en það er svo sannarlega ekki yrkisefni þessarar greinar. Ég eftirlæt það öðrum. Það sem vakti athygli mína í fréttatilkynningum var ætlun AGRD að gervigreindarvæða starfsemi BBA//Fjeldco.



Ljóst er að fjárfesting í gervigreindarlausnum fyrir lögfræðinga er gríðarleg. HarveyAI og Legora, stærstu gervigreindarlausnir heims fyrir lögfræðinga, eru metnar á fjárhæðir sem maður á erfitt með að ná utan um. Anthropic, gervigreindarrisinn sem þróar gervigreindarmódelin Claude, hefur líka herjað á markað fyrir tæknilausnir lögfræðinga. KPMG Tax&Legal á heimsvísu hefur lýst yfir áformum um eins milljarðs dollara fjárfestingu í gervigreind á næstu árum og erum við að sjá árangur af því núna með samstarfi Anthropic og KPMG á heimsvísu. Á Íslandi hafa margar sértækar gervigreindarlausnir fyrir lögfræðinga sprottið upp, s.s Jónsbók, Lagaviti og Fordæmi.is. Þá hefur Fons Juris gervigreindarvæðst. Fyrir ekki alls löngu voru einu forritin, sem lögfræðingar og lögmennt notuðu, Word, Outlook og reikningakerfi!

Til eru ýmsar rannsóknir/mælingar á getu gervigreindar í lögfræði en GDPVal rannsókn OpenAI er sennilega sú þekktasta. Í rannsókninni leysa gervigreindarmódel þúsundir raunhæfra verkefna 44 starfsstétta og óháðir matsmenn meta blint hvort úrlausn gervigreindarinnar eða mannsins sé betri. Lögfræðiverkefni voru útbúin af reyndum lögfræðingum frá alþjóðlegum stofum á borð

við Kirkland & Ellis og White & Case. Haustið 2025 voru úrlausnir bestu módelanna á þeim tíma metnar jafn góðar eða betri en úrlausnir mannlegra lögfræðinga í tæplega helmingi tilvika. Frá þeim tíma hafa enn öflugri gervigreindarmódel litið dagsins ljós, og því má vænta enn betri niðurstaðna, gervigreindarmódelunum í vil, ef sama könnun yrði framkvæmd í dag.

Ef þetta er staðan, hvers vegna erum við þá enn að ræða gervigreindina sem þægilegan aðstoðarmann sem þó hefur ekki gjörbylt starfsháttum okkar? Í nýlegri grein í Lögmannablaðinu lýsti Árni Freyr Sigurðsson, eigandi hjá Advel, reynslu sinni af gervigreind á þann veg sem margir lögmennt kannast við. Gervigreindin skrifar drög að stefnu sem þarf að yfirfara, hún vísar í lagaákvæði sem ekki eru til, hún hangir á veikustu málsástæðunni að mati lögmannsins og fleira í þessum dúr. Jóhannes Karl Sveinsson, eigandi á Landslögum, birti svo á dögnum innlegg á LinkedIn í kjölfar gervigreindarhneykslis Sullivan & Cromwell. Í innleggi sínu velti Jóhannes því upp hvort réttast væri að lögmennt hættu einfaldlega notkun gervigreindar. Ég er ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr reynslu Árna eða vangaveltum Jóhannesar. Þær eiga rétt á sér og ríma við samtöl sem ég hef átt við íslenska lögfræðinga. Það er klár mótsögn milli annars vegar fjárfestingar í gervigreindartækni fyrir lögfræðinga, niðurstaðna rannsókna á gæðum gervigreindarúrlausna og breytinga sem við sjáum hjá öðrum starfsstéttum og hins vegar upplifunar íslenskra lögfræðinga og lögmannna.

Mótsögn milli fjárfestingar í gervigreindartækni og upplifunar íslenskra lögfræðinga.

## Hvað veldur?

Eflaust eru margar ástæður fyrir því að ekki allir lögfræðingar hafa gjörbylt starfsháttum sínum með tilkomu gervigreindar. Ein þeirra er sú endurgjöf sem lögfræðingar fá á vinnu sína. Best er að útskýra þetta með samanburði við reynslu forritara. Þar til í upphafi árs 2026 var reynsla forritara af hagnýtingu gervigreindar sambærileg reynslu íslenskra lögfræðinga. Gervigreindin var ágætur aðstoðarmaður en hafði ekki bylt starfi þeirra. Árið 2026 ná hins vegar gervigreindartól ákveðinni færni sem veldur því að nánast enginn forritari skrifar kóða lengur. Með öðrum orðum, starfsumhverfið var gjörbreytt. Vinir mínir sem eru forritarar tala um gífurlega afkastaaukningu og að hlutverk hafi þeirra breyst úr smiðum í að vera verkstjórar. Margir benda á að þetta sé eðlilegt, módelin hafa verið þjálfuð sérstaklega til forritunar svo þau geti aðstoðað við eigin þróun. Það er eflaust mikið til í því en það útskýrir samt ekki að fullu leyti hvers vegna upplifun lögfræðinga af hagnýtingu gervigreindar er allt önnur en niðurstöður kannana á getu gervigreindarmódelanna. Þetta eru sömu lausnir og lögfræðingar hafa aðgang að og engin spurning í mínum huga að tæknin er komin lengra en almenn notkun hins íslenska lögfræðings.

Ástæða þess að við sjáum ekki sömu byltingu í notkun lögfræðinga á gervigreind og t.d. forritara tel ég að hafi mikið að gera með fyrrnefnda endurgjöf á vinnu okkar. Forritari skrifar kóða, prófar hann og fær þá strax staðfestingu á hvort hann virki eður ei. Lögmaðurinn fær aldrei sambærilega endurgjöf. Ef við útbúum samning getum við oft á tíðum ekki vitað hvort önnur útfærsla hefði varið hagsmuni skjólstæðings okkar betur. Ef lögmaður leggur fram stefnu fáum við aldrei að vita hvort annar málalíbúnaður hefði valdið því að málið hefði frekar unnist en tapast. Þessu tengt rifjast upp fyrir mér hagfræðihugtakið „credence goods“ en lögfræðipjónusta ásamt heilbrigðisþjónustu, bíla- viðgerðum og fjármálaráðgjöf eru allt góð dæmi um „credence goods“. Sameiginlegt einkenni allrar þessarar þjónustu eða vöru er að viðskiptavinurinn á oft á tíðum erfitt með að meta áhrif og gæði þjónustunnar eða vörunnar.

Stutt í að við sjáum byltingu í starfsháttum okkar.

## Bylting á borðinu

Afleiðingin er sú að jafnvel þegar gervigreindin er raunverulega að bæta vinnu okkar finnum við ekki endilega fyrir því sjálf eða erum ekki tilbúin að leyfa henni það. Okkar starf er ekki byggt á sömu samtímaendurgjöf og forritun. Forritari kann að setta sig við úrlausn gervigreindar enda sannast að hún virkaði þrátt fyrir að hann sjálfur hefði

mögulega nálgast viðfangsefnið á annan hátt. Lögfræðingum hættir til að breyta úrlausnum gervigreindar á þann veg sem þeir þekkja án þess að vissa sé fyrir því að úrlausn lögfræðingsins sé betri en gervigreindarinnar.

Þrátt fyrir að lögfræðistarfið sé þannig úr garði gert að erfitt sé að fá samtímaendurgjöf á vinnuna er það trú mín að stutt sé í að við sjáum jafn mikla byltingu í starfsháttum okkar og forritarar hafa þegar gengið í gegnum. Til að undirbúa okkur undir það höfum við hjá KPMG Law farið vel yfir alla okkar ferla, þróað okkar eigin erindreka (e. *agents*) og fjárfest í þjálfun starfsmanna. Þá er það okkar reynsla að mikilvægt er að reyna mæla það sem hægt er að mæla, þrátt fyrir að við munum ekki sjá sömu samtímaendurgjöf á gervigreindarúrlausnir og forritararnir. Við innleiðingu gervigreindar skal setja sér mælanleg markmið sem síðan eru mæld reglulega. Þetta höfum við gert innanhúss hjá KPMG Law sem og hjá viðskiptavinum okkar og niðurstöðurnar verið einu máli. Gervigreindin er bæði að spara tíma og upplifun notenda er sú að gæði vinnu þeirra eykst.

## Umbylting lögfræðistarfsins

Að mínu viti þýðir ofangreint alls ekki að lögfræðingar og lögmenn séu á útleið. Þvert á móti. Forritarar eru enn eftirsóttir og einhverjir hafa talað um að álagið á forritara sé að aukast. Hlutverk forritara hefur þó óneitanlega breyst. Mikíð hefur þegar verið ritað vestanhafs um það hvaða nýju hlutverk eru að verða til innan lögfræðigeirans, svo sem „lögfræðilegur tækniráðgjafi“ (e. *Legal Engineer*) eða „lögfræðilegur ferlahönnuður“ (e. *Legal Workflow Designer*).

Það er spurning hvort við lögfræðingar og lögmenn munum öll, fyrr eða síðar, verða „Legal Engineers“ að einhverju marki. Að minnsta kosti er starf einhverra framsækinnna lögfræðinga þegar farið að snúast um að smíða ferla fyrir gervigreind, búa gögn undir hagnýtingu gervigreindar, velja réttu

gervigreindartólin fyrir réttu verkefnin, tryggja farsæla innleiðingu og fleira.

Það sem ég held þó að breytist seint er kjarninn í því sem viðskiptavinir lögfræðinga og skjólstæðingar lögmanna leita eftir, það er dómgreind, traust og ábyrgð. ♦

## Gluggað í ársskýrslu LMFÍ II

### Lögmanna vaktin

Rúmlega 300 manns sóttu ókeypis lögfræðiráðgjöf árið 2025 en hún fer þannig fram að almenningur skráir sig á Lögmanna vaktina á heimasíðu félagsins og svo hringir lögmaður í viðkomandi á eftirmiðdegi þriðjudags. Vaktin stendur yfir að meðaltali í átta mánuði á ári og ýmist einn til tveir lögmenn sinna henni í hvert sinn. Lögmenn gefa vinnu sína við vaktina.

### Fasteignarfár

Mygla kom upp í fasteign LMFÍ að Álftamýri 9 árið 2024 og því fluttu starfsmenn í skrifstofurými sem leigt var að Ármúla 13. Á aðalfundi 2025 var samþykkt að selja fasteign félagsins og var sett nefnd til að finna hentugt framtíðarhúsnæði fyrir félagið til leigu eða kaups. Enn er húsnæðið í Álftamýri óselt en vonir standa til að það breytist fljótlega.



# Samningatækni lögmannna

**Það er tiltölulega auðvelt fyrir lögmann að skrifa samning sem ver umbjóðanda gegn allri hugsanlegri áhættu. Vandamálið er bara að enginn vill skrifa undir hann.**

Lögmenn eru þjálfaðir í að lesa texta af nákvæmni, greina álitæfni og draga ályktanir af réttarheimildum og staðreyndum máls. Þeir snúa þessum ályktunum upp í minnisblöð, sanningsákvæði, stefnur og greinargerðir með það að markmiði að sinna störfum sínum af nákvæmni. Laganám þjálfar nemendur vel í beitingu hinnar lagalegu aðferðar við úrlausn álitamála. Vandinn í dag er að gervigreindin kann þetta allt líka, eða er í öllu falli á góðri leið með að læra það.

## Mannlegi þáttur lögfræðinnar

Það er lítil áhersla í laganámi á að undirbúa nemendur undir að greina fólk. Aftur á móti er meginhlutverk lögmannna að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Hvaða hæfni þarf til að gæta hagsmuna annars fólks? Er nóg að vera frábær í að túlka réttarheimildir? Væri það niðurstaðan gætu umbjóðendur líklega snúið sér alfarið til gervigreindarlausna til að sinna hagsmunagæslu fyrir sig. En störf lögmannna eru sjaldnast fólgin í því að finna hina einu lagalega réttu niðurstöðu, enda er lögfræði ekki raunvísindi. Lögfræði þrífst á gráa svæðinu, þar sem oft er hægt að færa lögfræðileg rök fyrir ólíkum niðurstöðum. Að öðrum kosti væri hlutverk dómstóla í mótun réttarreglna mun takmarkaðra en raun ber vitni.

Lögfræði þrífst  
á gráa svæðinu.

Þó að verkefni lögmannna við hagsmunagæslu umbjóðenda sinna séu margslungin, þá er samningatækni lykilþáttur í flestum störfum

þeirra ef vel er að gáð. Jú, það er kannski auðvelt að sjá þegar lögmenn veita ráðgjöf þar sem aðilar sitja við samningaborðið og þræta um ábyrgðaryfirlýsingar og skaðleysisákvæði. En málf lutningur krefst einnig svipaðrar hæfni enda snýst gerð stefnu og greinargerðar og munnlegur málf lutningur að miklu leyti um að sannfæra dómarrann um að tiltekin niðurstaða sé rétt. Færni lögmans í samningatækni getur haft úrslitaáhrif við að skilja á milli þess hvort niðurstaða umbjóðanda sé hagfelld eða ekki.

## ZOPA – Mengi mögulegs samkomulags

Tvö hugtök eru mikilvæg á sviði samningatækni. Skammstöfunin ZOPA stendur fyrir „zone of possible agreement“ eða mengi mögulegs samkomulags. Mengið endurspeglar bilið á milli hæsta verðs, sem kaupandi er til í að borga, og lægsta verðs, sem seljandi er til í að samþykkja. Vandamálið í samningaviðræðum er að báðir aðilar hafa takmarkaðar upplýsingar. Hvorugur veit hvað hinn er tilbúinn til að gefa og hvorugur vill sýna á spilin sín. Samningamenn þurfa því samhliða að reyna að afla upplýsinga um hvað mengið er raunverulega stórt og að hafa áhrif á sýn gagnaðilans á stærð mengisins, sér í hag. Rannsóknir sýna að utanaðkomandi upplýsingar geta haft mikil áhrif á mat fólks þegar það stendur frammi fyrir óvissuþáttum. Þegar fyrsta tilboð í samningaviðræðum er sett fram getur það þess vegna mótað skynjun gagnaðilans á ZOPA menginu og virkað eins og akkeri. Ef akkerið er lágt þá hefur það áhrif

á hvaða árangri mótaðilinn telur sig geta náð. Sá aðili sem setur fram fyrsta tilboð nýtur þessa forskots, þó margir forðist það og vilji sjá hvað hin hliðin bjóði.

Umfram það að skilja ZOPA mengið þá sér góður samningamaður tækifæri til að stækka mengið og búa til virði sem gagnast báðum aðilum. Samningaviðræður snúast ekki bara um að skera kökuna heldur að stækka hana líka. Samningamaður getur skapað virði með því að leggja til önnur atriði en þau takmörkuðu gæði, eins og verð, sem deilt er um. Til að mynda þá gæti vinnuveitandi átt erfðara með að samþykkja launahækkun heldur en önnur fríðindi á borð við aukna orlofsdaga, og tjónvaldur gæti samþykkt hærri bótafjárhæð ef samið er um að tjónvaldur viðurkenni ekki sök.

## BATNA – Besti valkostur ef samkomulag næsti ekki

Skammstöfunin BATNA stendur fyrir „best alternative to a negotiation agreement“ eða besti valkostur ef samkomulag næst ekki. Því betra BATNA, því sterkari er vanalega samningsstaðan. Það er mikilvægt fyrir samningamenn bæði að skilja hvaða valkostir eru til staðar ef samningar nást ekki, enda verra að ná verri samningi en stendur til boða annars staðar. Ef þú getur selt sama bíl annars staðar á milljón, þá ættirðu ekki að þiggja tilboð sem er lægra en það í yfirstandandi viðræðum. Sömuleiðis er góð samningatækni að styrkja BATNA valkostinn sinn til að öðlast betri samningsstöðu, t.d. með því að leita tilboða annars staðar frá.

Markmið lögmanna er að ná niðurstöðu sem þjónar hagsmunum umbjóðanda.

Fyrir lögmenn flækist samningalístin enn frekar. Þeir standa ekki einungis í samningaviðræðum fyrir hönd umbjóðenda, heldur eiga þeir í samningaviðræðum við umbjóðendur sína. Þetta hlutverk lögmanna sem milliliðir skapar togstreitu. Lögmenn og umbjóðendur búa yfir ólíkum upplýsingum, hagsmunum og hvötum. Markmið lögmanna er ekki bara að ná góðri niðurstöðu, heldur niðurstöðu sem þjónar hagsmunum umbjóðanda síns. Lögmenn þurfa að skilja hvort að hann vilji raunverulega fara í kostnaðarsamt dómsmál yfir fimmtíu þúsund króna kröfu eða hvort samkomulag utan dómstóla sé vænlegri kostur. Lögmenn geta þurft að setja eigið egó og keppnisskap til hliðar við úrlausn deilu, þar sem það að valta yfir gagnaðila gæti skaðað viðvarandi samningssamband á milli umbjóðandans

og gagnaðila. Lögmenn þurfa að skilja að samningur sem þeir vinna fyrir umbjóðanda þarf ekki bara að halda vatni lögfræðilega heldur viðskiptalega, og þarf að vera þannig skrifaður að gagnaðili geti felld sig við hann. Og ef sömu samningsdrög eru send á milli aðila með breytingum þarf lögmaður að átta sig á hvaða atriði er auðvelt að samþykkja og gefa eftir og hvaða atriði skiptir máli að haldist inni. Þannig getur lögmaður stækkað kökuna og tryggt góða niðurstöðu fyrir sinn umbjóðanda.

## Hlutverk lögmanna

Lögmenn þurfa að takast á við undirliggjandi hvata og hagsmuni, tilfinningar, væntingar og þarfir. Þeir þurfa að skilja fólk. Niðurstaða sem umbjóðandi situr uppi með er ekki síður afurð mannglegra þátta og hæfni lögmanns í samningatækni heldur en lagalegu greiningarinnar. Það er líklega eitthvað lengra í að gervi-greindin leysi það af hólmi. ♦

Höfundur er gestakennari í samningarétti við Columbia Law School.

# Samræmisathuganir Eftirlitsstofnunar EFTA

**Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með því að EES réttur og EES samningurinn virki sem skyldi og þjóni því hlutverki sínu að framlengja innri markað ESB til EES EFTA ríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtenstein. Starf ESA felst m.a. í því að fylgjast með að gerðir séu innleiddar tímanlega eftir að þær hafa verið teknar upp í EES samninginn, taka við kvörtunum einstaklinga og lögaðila á innri markaðnum, eiga í samskiptum við stjórnvöld um álitafni sem koma upp og, ef þörf krefur, reka samningsbrotamál sem kunna að enda fyrir EFTA dómstólum.**

Annað verkefni, sem minna hefur farið fyrir en er ekki síður mikilvægt, eru svokallaðar samræmisathuganir. Með samræmisathugun er átt við ítarlega athugun á því hvort staðið hafi verið að innleiðingu gerða þannig að landsréttur EFTA ríkis samræmist kröfum sem leiða af EES gerðum. Þegar EFTA ríkin hafa tilkynnt ESA um að innleiðing hafi farið fram geta vaknað ýmis álitafni sem leggja þarf mat á, s.s. hvort skyldur eða réttindi hafi verið rétt innleidd í landsrétt, hvort þau séu nægilega skýr og bindandi og hvort einstaklingar, fyrirtæki og jafnvel stjórnvöld sjálf geti í reynd byggt á þeim reglum sem EES rétturinn gerir ráð fyrir. Einn helsti kostur samræmisathuganna er einmitt sá að þær geta leitt í ljós anmarka á innleiðingu áður en á reynir í framkvæmd.



## Reglugerðir og tilskipanir

Þegar EFTA ríkin hafa samþykkt að taka gerð upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar ber ríkjunum að koma henni til framkvæmda. Í 7. gr. EES samningsins er gerður greinarmunur á reglugerðum annars vegar og tilskipunum hins vegar. Reglugerðir skulu teknar upp í landsrétt samningsaðila sem slíkar og er mat á því hvort innleiðingin samræmist EES rétti því að jafnaði einfaldara. Tilskipanir hins

vegar binda ríkin að því markmiði sem ná skal, en veita ríkjunum svigrúm um form og aðferð við framkvæmdina.

Þetta svigrúm gerir EFTA ríkjunum kleift að laga innleiðingu að eigin réttarkerfi, stjórn-sýsluhefðum og lagatækni. Fyrir eftirlitsaðila getur þetta hins vegar skapað áhugaverðar áskoranir því sama EES skyldan getur birst með ólíkum hætti í landsrétti ólíkra ríkja og þá þarf að leggja mat á hvort mismunandi leiðir við innleiðingu skili engu að síður sama lagalega markmiði.

## Framkvæmdin

Í EFTA ríkjunum hafa samræmisathuganir að mörgu leyti mikilvægari þýðingu en í ESB ríkjunum því tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar í landsrétt, eða eru rangt innleiddar, hafa ekki bein réttaráhrif með sama hætti og í ESB rétti. Afleiðingin getur verið sú að einstaklingar og fyrirtæki geta ekki byggt rétt sinn beint á óinnleiddu eða ranglega innleiddu ákvæði tilskipunar. Ef innleiðingin er óskýr, ófullnægjandi eða beinlínis röng getur það því haft afgerandi áhrif á réttarstöðu þeirra sem vilja byggja rétt á reglunum.

Framkvæmd samræmisathugunar getur verið bæði ítarleg og tímafrek. ESA útbýr eða óskar eftir svonefndri samsvörunartöflu,



Tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar í landsrétt hafa ekki bein réttaráhrif.

þar sem farið er yfir ákvæði tilskipunar lið fyrir lið. Viðkomandi ríki þarf þá að tilgreina hvaða ákvæði landsréttar innleiða hvert einstakt ákvæði tilskipunarinnar. Í kjölfarið fer ESA yfir töfluna, ber saman EES regluna og viðeigandi innleiðingarákvæði og metur hvort innleiðingin sé fullnægjandi. Í flóknum og tæknilegum málaflokkum, til dæmis á sviði fjármálaþjónustu, getur þetta kallað á töluverða greiningarvinnu.

Samræmisathugun á tilskipunum er ekki endilega einföld samanburðaræfing milli tveggja lagatexta. Sum ákvæði tilskipana leggja skýrar skyldur á einstaklinga og fyrirtæki eða veita þeim réttindi og þurfa slík ákvæði jafnan að koma skýrt fram í landsrétti. Önnur ákvæði beinast fyrst og fremst að ríkinu sjálfu, til dæmis um skýrslugjöf, samskipti við ESA eða skipulag stjórnsýslu. Þá

Samræmisathugun á tilskipunum er ekki einföld samanburðaræfing milli tveggja lagatexta.

getur þurft að meta hvort sérstök innleiðing sé nauðsynleg eða hvort almennur lagarammi dugi. Enn önnur ákvæði fela í sér valkosti fyrir ríkin, markmiðsákvæði eða reglur um samskipti milli stofnana. Í slíkum tilvikum skiptir eðli ákvæðisins, tilgangur þess og áhrif á réttarstöðu miklu máli við mat á því hvort innleiðingar sé þörf.

### Tilraunaverkefni

Sem fyrir segir eru þetta bæði ítarlegar og tímafrekar athuganir, en á næstu árum gæti tæknin einfaldað verkefnið verulega. ESA tekur núna þátt í tilraunaverkefni með íslensku nýsköpunarfyrirtæki sem þróar gervigreind til að aðstoða við samræmisathuganir. Slíkt kerfi getur létt undir bæði hjá ESA og ráðuneytum EFTA ríkjanna með því að útbúa öll gögn til athugunarinnar, finna innleiðingarákvæði og para saman við ákvæði tilskipana, framkvæma samanburð og leggja loks bráðabirgðamat á samsvörun þar á milli. Endanlegt mat á niðurstöðu athugunarinnar yrði þó alltaf í höndum lögfræðinga ESA og ákvörðun um möguleg viðbrögð tekin af stjórn stofnunarinnar. ♦

# Við þurfum að huga betur að gögnum

**Ákvæði 27. greinar stjórnarskrárinnar láta lítið yfir sér: „Birta skal lög. Um birtingarhátta og framkvæmd laga fer að landslögum.“ Þessi ákvæði fela þó í sér eina af grundvallarreglum réttarríkisins og þá forsendu réttaröryggis að löggin skulu vera aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim.**

Sambærilegt ákvæði var í 10. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 og fyrirmynd þess var í 29. gr. dönsku júnistjórnarskrárinnar frá 1849. Á þeim tíma sem séra Gothard Monrad skrifaði dröggin að henni snerist sú kvöð, að konungur skyldi birta löggin, um að borgararnir fengju yfirhöfuð aðgengi að þeim. Það vandamál var leyst. Stjórnartíðindi hafa verið gefin út hér á landi allt frá 1874 og lagasöfn voru gefin

út af og til fram til loka síðustu aldar. Útgáfa dómasafns Hæstaréttar hófst þegar í kjölfar þess að rétturinn tók til starfa árið 1920. Eftir að Vefurinn varð til hefur smám saman allt flust þangað og nær ekkert er lengur prentað af réttarheimildum.

## Nýjar áskoranir

Við þessu aðgengi blasa hins vegar nýjar áskoranir. Við framleiðum með hverju árinu meira magn af lengri og flóknari löggjöf. Stór hluti af því stafar frá innleiðingu EES gerða í samræmi við EES samninginn. Nýjasta lagasafnið, frá 17. janúar sl. (157a), inniheldur liðlega 1.700 lög, frá Kristnirétti Árna biskups til laga um „markaði fyrir sýndareignir“. Í málstofu á Lagadeginum 2025, í tilefni þrítugsafmælis EES samningsins, kom fram að gerðir sem teknar voru upp í samninginn voru 1.875 árið 1994 en voru í lok september sl. um 15.000 talsins og þar af 8.947 í gildi. Þeim fjölga árlega að jafnaði um hundruðir. Það er hins vegar engin augljós leið til að fá yfirsýn yfir hvar allar þessar gerðir eru innleiddar í íslenskan rétt. Bæði Eftirlitsstofnun EFTA og



Höfundur ræðir við D. G. Monrad (mynd: ChatGPT)

utanríkisráðuneytið halda úti vefsíðum þar sem hægt er að fletta hverri gerð upp fyrir sig og skoða tilkynningar frá EFTA ríkjunum til ESA um hvar hún hafi verið innleidd. Hvað Ísland varðar eru slíkar tilkynningar á vefsíðunum hins vegar innan við fimm þúsund talsins. Þá eru margar þeirra óljósar, svo sem vantar tilgreiningu á númerum og ártölum innleiðingarlaga eða einungis vísað með almennum hætti til fleiri en einna laga.

Engin leið til að fá yfirsýn yfir hvar þessar gerðir eru innleiddar.

Önnur áskorun lýtur að notkun spuna-greindar sem vinnutækis með áreiðanlegum hætti. Íslendingar eru vanir því að vera fljótir til að taka nýja tækni í þjónustu sína. Við námum snemma land á Vefnum eftir að Netið varð útbreitt í lok liðinnar aldar, allir eru með snjallsíma og flestir eru skráðir í fésbókina. En Ísland á þegar á brattan að sækja þegar kemur að notkun stórra mállíkana. Íslenska myndar smátt málsvæði og gögn sem stafa frá fámennri þjóð eru eðli máls samkvæmt takmörkuð.

## Af pappír í gagnasöfn

Þrátt fyrir að við höfum verið dugleg á stafrænni vegferð okkar sem samfélag þá hafa gæði og gagnsæi gagna ekki verið í fyrirrúmi á því ferðalagi. Þar er okkar stétt ekki

undanskilin. Í stað þess að byggja skipuleg gagnasöfn með skýrum notendaskilum og vel skilgreindum og flokkuðum lögfræðilegum gögnum sem hægt væri staðreyna að væru rétt og við gætum endurnýtt og nálgast á margs konar vegu höfum við látið nægja að nota tæknina til að smíða vefsíður hvert í sínu horni þar sem einungis eru birtar upplýsingar sem á skjá líkjast prentuðum gögnum, hvort sem um ræðir settar réttarreglur, úrskurði stjórnvalda eða niðurstöður dómstóla. Þetta hefur nægt hingað til en eykur enn á áskorun okkar þegar kemur að því að taka hina nýju tækni, stór mállíkon, í þjónustu okkar. Við sitjum uppi með að ritaðar heimildir, sem lögskipan okkar reiðir sig á, hafa enn ekki flutt fyrir alvöru af pappírnum í hinn stafræna heim. Þær birtast okkur í útgáfum sem við eigum ekki kost á að staðreyna hvort séu réttar, í formi sem við höfum takmörkuð úrræði til að nýta til fullnustu, úr gagnasöfnum sem eru lítt samhæfð hvert öðru og sitja oft á tíðum á bak við vegg sem eru beinlínis reistir til að stemma stigu við endurnotum þessara gagna.

Ritaðar heimildir hafa enn ekki flutt fyrir alvöru í hinn stafræna heim.

Mörg skref hafa verið stigin í rétta átt: Löggjafarþingið var meðal fyrstu land-nema á Vefnum með vef sinn althingi.is. Fjármálaráðuneytið stendur fyrir víðtækri söfnun og birtingu gagna stjórnarráðsins

og stofnana ríkisins, nú síðast dómasafna allra dómstóla, á einni vefsíðu, island.is og hefur gefið út vörulista yfir vefþjónustur sem lofar góðu. Einkaaðilar hafa um áratuga skeið safnað og gert réttarheimildir betur aðgengilegar á stafrænu formi, ýmist sem selda þjónustu, t.d. Fons Juris, eða í sjálfboðastarfi, t.d. urlausnir.is, althingi-xml o.fl. Þá hafa á skömmum tíma stungið upp kollinum glæsileg íslensk sprotafyrirtæki sem bjóða upp á spunagreindarlausnir fyrir lögfræðinga, t.d. Jónsbók, Lagaviti, Fordæmi, Vergo (Lögfinnur), Fons Juris (Lögmennið) og Denovo. Flestar þeirra vinna með heimildir sem fyrirtækin hafa sjálf viðað að sér.

## Næstu skref

Nú er brýnt að við sem stétt tókum næstu skref í að huga betur að gögnunum sem réttarríkið

byggist á. Öll þau gögn ætti að varðveita með samræmdum hætti, flokkuð og skilgreind, á bæði mann- og véllesanlegu formi, í gagnasöfnum sem er opin og gjaldfrjáls aðgangur að fyrir allan almennig. Gögnin ætti að vera hægt að rekja frá uppruna sínum og sannreyna með gagnsæjum hætti hjá þeim sem þau stafa frá. Til þess að stíga þessi skref þarf ekki mikið fé heldur forgangsröðun og hugarfarsbreytingu í stjórnarráði, hjá stofnunum og dómstólum og hjá okkur, opinberum sýslunarmönnum. Við eigum ekki að sitja og getum ekki setið sem hliðverðir að þessum gögnum. Það er á okkar ábyrgð að borgararnir geti aftur fengið raunverulega yfirsýn yfir landslögin og að bæði þeir og við getum nýtt okkur til fulls, með áreiðanlegum hætti, hina nýjustu tækni sem hefur nú þegar hafið innreið sína á öllum sviðum. ♦

Höfundur er jafnframt tölvunarfræðingur

# Vátryggingar í kaupum og sölu fyrirtækja

**Í alþjóðlegum kaupum og sölu fyrirtækja hafa svokallaðar Warranty & Indemnity-tryggingar, W&I-tryggingar, fest sig í sessi sem leið til að einfalda samningsgerð og takmarka fjárhagslega áhættu aðila. Lítið hefur farið fyrir slíkum tryggingum hér á landi og hér verður fjallað um eðli slíkra trygginga, helstu takmarkanir og hvort þær eigi erindi á íslenskan markað.**

Í kaupum og sölu fyrirtækja fer oftast mestur tími samningaviðræðna, að undanskildum umræðum um kaupverð, í að semja um ábyrgðaryfirlýsingar seljanda, skaðleysis-ákvæði og vanefndarúrræði.

W&I-tryggingar hafa verið sérstaklega áberandi í viðskiptum þar sem framtaks- og vísisjóðir eiga í hlut. Slíkir aðilar hafa oft ríka hagsmuni af því að fá kaupverðið greitt út við lok viðskipta án þess að hluta kaupverðs sé haldið eftir eða greitt inn á sérstaka vörslureikninga. W&I-tryggingar eru orðnar algengar í stærri alþjóðlegum viðskiptum með fyrirtæki, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, og fara vaxandi. Í nýlegri rannsókn American Bar Association um helstu skilmála í kaupum og sölu fyrirtækja kemur fram að slíkar tryggingar komu við sögu í 63% viðskipta.

## Hvað eru W&I-tryggingar?

Í hefðbundnum kaupsamningi um fyrirtæki veitir seljandi kaupanda ýmsar ábyrgðar- eða skaðleysisyfirlýsingar um félagið sem verið er

að selja. Slíkar yfirlýsingar geta meðal annars varðað ársreikninga, skattamál, samninga, hugverkaréttindi, starfsfólk, leyfismál o.s.frv. Komi síðar í ljós að yfirlýsingarnar voru rangar getur kaupandi átt rétt á skaðabótum eða öðrum vanefndaúrræðum samkvæmt samningnum.



W&I-tryggingum ætlað að vernda aðila í viðskiptum með fyrirtæki.

W&I-tryggingum er ætlað að vernda aðila í viðskiptum með fyrirtæki gegn fjárhagslegu tjóni sem kann að leiða af röngum eða ófullnægjandi yfirlýsingum seljanda. Í kaupandatriyggjum er kaupandi sjálfur váttryggður og getur þá beint kröfum sínum að váttryggjanda ef tjón verður vegna brota á ábyrgðaryfirlýsingum seljanda. Í seljandatriyggjum er seljandi váttryggður fyrir kröfum sem kaupandi kann að eiga á hendur honum vegna brota á ábyrgðaryfirlýsingum í kaupsamningi að því marki sem tryggingin tekur til. Kaupandatriyggingar eru þó mun algengari í alþjóðlegum kaupum og sölu fyrirtækja. Eðli trygginganna er því ekki að tryggja rekstur félagsins sjálfs, heldur áhættu sem tengist upplýsingagjöf og ábyrgðum í tengslum við viðskiptin.

### Hvað fellur utan tryggingaverndar?

Þótt W&I-tryggingar séu algengar í stærri kaupum og sölu fyrirtækja eru þær ekki allsherjarlausn við allri þeirri áhættu sem kann að fylgja slíkum viðskiptum. Váttryggingaverndin tekur almennt til óþekktra atriða sem leiða til brota á ábyrgðaryfirlýsingum seljanda, það er atriða sem kaupandi vissi ekki um á þeim tíma sem tryggingin miðast við, svo sem

við undirritun og/eða uppgjör viðskiptanna. Þekktar áhættur, þar á meðal atriði sem komu fram við áreiðanleikakönnun eða voru sérstaklega upplýst af hálfu seljanda, eru því að jafnaði undanskildar tryggingavernd.

Einnig eru ákveðnar tegundir áhættu gjarnan undanskildar tryggingavernd eða háðar sérstökum skilyrðum. Þar má meðal annars nefna verðleiðréttingar eftir lok viðskipta, svokölluð leakageákvæði, stjórnvaldssektir, skattamál, umhverfisáhættu og lífeyris-skuldbindingar. Þá nær tryggingavernd almennt ekki til svika eða ásetningsbrota hins tryggða. Í sumum tilvikum er jafnframt unnt að nýta svokallaða „tilbúna“ W&I-tryggingu (e. synthetic W&I insurance) þar sem tilteknar ábyrgðaryfirlýsingar eru tryggðar á grundvelli tryggingaskilmálanna sjálfra, þótt seljandi hafi ekki veitt samsvarandi ábyrgðir í kaupsamningi. Slík útfærsla getur komið til álita fyrir kaupanda þegar seljandi er ófús eða ófær um að veita tilteknar ábyrgðir með beinum hætti.

Algennt er að W&I-tryggingar séu háðar sjálfsábyrgð eða eigin áhættu, sem getur hvílt á kaupanda eða seljanda eða verið skipt milli aðila, allt eftir uppbyggingu viðskiptanna og hvernig um semst á milli aðila. Þá gilda yfirleitt einnig ákveðin tímamörk um það hversu lengi unnt er að gera kröfur vegna brota á ábyrgðaryfirlýsingum, auk þess sem tryggingin er háð tiltekinni hámarksfjárhæð. Algennt er að iðgjald nemi um 0,5–2% af tryggingarfjárhæðinni þótt það geti verið breytilegt eftir umfangi viðskiptanna, starfsemi hins selda, áhættumati váttryggjanda og markaðsaðstæðum hverju sinni.

Algennt að iðgjald nemi um 0,5–2%.

### Hagnýtt gildi í kaupum og sölu fyrirtækja

Ein helsta ástæða útbreiðslu W&I-trygginga í alþjóðlegum kaupum og sölu fyrirtækja er að þær geta einfaldað samningsgerð og skýrt hvernig dreifa skuli áhættu milli aðila. Seljandi getur því fengið stærri eða allan hluta kaupverðsins greitt út strax við lok viðskipta í stað þess að fjármunum sé haldið eftir, s.s. með skiptingu kaupverðsgreiðslna eða með greiðslum á vörslureikninga um tiltekinn tíma. Þetta getur verið sérstaklega mikilvægt fyrir framtaks- eða vísisjóði sem stefna að því að selja eignir sínar og skila fjármunum til fjárfesta sinna eins hratt og unnt er.

Þetta getur líka verið gagnlegt í tilvikum þar sem margir seljendur standa að baki sölu félags. Fullnusta krafna gagnvart stórum og dreifðum hópi seljenda getur reynst bæði flókin og kostnaðarsöm. Fyrir kaupanda getur því verið mun einfaldara að beina mögulegum kröfum að einum aðila, þ.e. váttryggjanda, fremur en að þurfa að sækja kröfur á hendur hverjum seljanda fyrir sig. Um leið geta tryggingarnar auðveldað samningaviðræður og gert aðilum kleift að ná saman um ábyrgðaryfirlýsingar og ábyrgðarfyrirkomulag sem seljandi myndi ella síður sætta sig við.

### Eiga W&I-tryggingar erindi á Íslandi?

Á Íslandi hafa W&I-tryggingar enn ekki náð fótfestu en á því eru þó nokkrar einfaldar skýringar. Markaðurinn er hlutfallslega lítill, viðskipti eru oft undir þeim þröskuldum sem erlendir váttryggjendur telja arðbæra og getur því verið erfitt að fá ásættanleg tilboð í slíkar tryggingar. Kostnaður við slíkar tryggingar hefur því gjarnan verið hlutfallslega hár með hliðsjón af verðmæti viðskiptanna. Þá hafa aðilar fremur reitt sig á hefðbundin úrræði á borð við greiðslur inn á vörslureikninga, skiptingu á greiðslum kaupverðs, varðveislu hluta kaupverðs hjá kaupanda um tiltekinn tíma eða sérstakar samningsbundnar ábyrgðir, til að tryggja hagsmuni sína. Þá kann smæð markaðarins einnig að skýra þetta enda geta náin tengsl og tillit til orðspors haft umtalsverð aðhaldsáhrif.

Ýmis rök eru fyrir því að notkun W&I-trygginga geti aukist hér á næstu árum. Viðskipti með fyrirtæki tengjast í auknum mæli alþjóðlegum mörkuðum og erlendir fjárfestar koma reglulega að íslenskum viðskiptum. W&I-tryggingar hafa einkum komið við sögu í viðskiptum þar sem erlendir aðili var ýmist kaupandi eða seljandi. Þær geta aukið samkeppnishæfni kaupanda í söluférlum, þar sem margir keppa um sama félagið, og

Geta aukið samkeppnishæfni kaupanda í söluférlum.

dregið úr þörf fyrir viðtæka ábyrgð seljanda. Þá geta tryggingarnar reynst sérstaklega gagnlegar í viðskiptum þar sem seljendur vilja takmarka ábyrgð sína eftir sölu eða þar sem hefðbundnar ábyrgðaryfirlýsingar fást ekki með venjulegum hætti. Þetta getur meðal annars átt við þegar seljandi er sjóður sem stendur frammi fyrir því að líftíma hans fari að ljúka.

Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því að W&I-tryggingar geta verið kostnaðarsamar og krefjast yfirleitt töluverðrar undirbúningsvinnu. Gæði og umfang áreiðanleikakönnunar skipta þar miklu máli enda gera váttryggjendur almennt ríkar kröfur um upplýsingagjöf áður en trygging er veitt. Váttryggjendur leggja jafnframt sjálfstætt mat á fyrirliggjandi gögn og geta í því skyni notið liðsinnis eigin ráðgjafa. Kostnaður vegna slíkrar yfirferðar getur þá bæst við iðgjaldið sem váttryggingartaki greiðir. Af þeim sökum henta slíkar tryggingar líklega síður í smærri innlendum viðskiptum.

Fyrir marga felst ávinningurinn í því að auðvelda samningagerð.

## Að lokum

W&I-tryggingar hafa á tiltölulega skömmum tíma orðið mikilvægur hluti alþjóðlegra fyrirtækjaviðskipta. Þær breyta því hvernig áhættu er dreift milli kaupanda, seljanda og þriðja aðila, þ.e. váttryggjanda. Fyrir marga samningsaðila felst helsti ávinningurinn ekki aðeins í sjálfri tryggingaverndinni heldur einnig í því að auðvelda samningagerð, stytta samningaviðræður og einfalda uppgjör viðskipta.

Þótt íslenski markaðurinn sé enn tiltölulega lítil er teikn á lofti um að sambærileg þróun geti átt sér stað hér á landi, sérstaklega eftir því sem þátttaka erlendra aðila í viðskiptum með fyrirtæki hér á landi eykst. Þá er fyrirséð að með mikilli fjölgun framtaks- og vísisjóða hér á landi muni þetta koma til skoðunar þegar þeir þurfa að selja eignir og skila fjármunum til fjárfesta. Í slíkum aðstæðum kann að vera erfitt fyrir aðila að ná saman um ásættanlegar ábyrgðaryfirlýsingar og ábyrgðartímabil fyrir kaupanda og seljanda. Fyrir íslenska lögmenn kann því að vera tímabært að kynna sér nánar hvernig slíkar tryggingar geta nýst sem liður í samningsgerð og áhættuskiptingu í kaupum og sölu fyrirtækja. ♦

## Gluggað í ársskýrslu úrskurðarnefndar

Úrskurðarnefnd lögmanna kvað upp 34 úrskurði árið 2025 samanborið við 47 úrskurði árið 2024. Við upphaf árs 2025 var 20 málum enn ólokið, þar sem gagnaöflun var enn í gangi eða þau biðu afgreiðslu, en þeim lauk öllum á starfsárinu. Alls bárust 50 mál árið 2025 sem er talsvert fækkun frá fyrra ári er þau voru 64 talsins. Nefndin náði að ljúka 21 máli en þar af voru fimm afturkölluð og tveimur vísað frá án úrskurðar á upphafsstigum. Í lok árs 2025 var 29 málum ólokið en að sögn Evu Hrannar Jónsdóttur lögmanns, ritara úrskurðarnefndar, voru mál þyngri og flóknari meðferðar en áður.



**LANDSLÖG**  
Sterk liðsheild síðan 1971

## Þjóðaréttur á hálum ís

**Sem sérfræðingur í þjóðarétti finnur maður sig oft í þeirri stöðu að þurfa að verja þetta réttarkerfi. Gagnrýnin snýr gjarnan að því að þjóðarétt skorti framkvæmdavald og að stjórn málin ráði þar ríkjum. Það getur verið skemmtilegt að rökræða þetta en ég kemst samt alltaf að sömu niðurstöðu: Þjóðaréttur er skilvirkt og ótrúlega mikilvægt réttarkerfi sem stýrir háttsemi ríkja sín á milli og hefur ómæld áhrif á löggjöf allra ríkja.**

Auðvitað eru framin lögbrot í þjóðarétti, rétt eins og í landsrétti, og það er erfiðara að draga ríki til ábyrgðar í þjóðaréttarkerfinu heldur en í landsrétti þar sem innlendir dómstólar eiga lögsögu í öllum málum og framkvæmdavaldið sér um að fullnusta dómana. Það sem tryggir samt viðgang þjóðaréttarkerfisins er sú trú ríkja að þjóðarétturinn samanstandi af lagareglum sem þeim sé skylt að fylgja. Þessi huglæga afstaða skiptir sköpum og

endurspeglast jafnan í háttsemi ríkja sem annars vegar fordæma brot annarra og hins vegar réttlæta eigin gjörðir með lagalegum rökum – stundum reyndar mjög veikum. Sem dæmi um það síðarnefnda má nefna fjölmörg tilvik þar sem ríki beita vopnavaldi að því er virðist í andstöðu við 4. mgr. 2. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna undir yfirsýni sjálfsvarnar. Þegar Bandaríkin réðust gegn al-Qaeda í Afganistan árið 2001 þá reyndu þau t.d. að réttlæta það með vísan til nýstárlegrar túlkunar á sjálfsvarnarréttinum, þ.e. sameiginlegrar sjálfsvarnar gegn einkaðilum vegna hryðjuverkaógnar.

Hér má einnig nefna tilraunir Kínverja til að leggja undir sig gjörvallt Suður-Kínahaf í andstöðu við alþjóðlegan hafrétt. Á árunum 2013-2016 var lagður gífurlegur kostnaður annars vegar í málsvörn sem byggði á frumlegri túlkun um söguleg réttindi og hins vegar í byggingu manngerðra eyja á miðju úthafi til að renna stöðum undir lagalegt tilkall Kínverja til hafsvæða. Með þessum dýrkeyptu réttlætningartilraunum sýna ríkin þrátt fyrir allt virðingu fyrir réttarkerfinu og það er einmitt grundvöllur þjóðaréttarins. Hann virkar á



meðan ríki telja sér skylt að fylgja honum og lögbrotum er mætt af mótstöðu. En nú kveður við annan tón og hriktir í stoðum þjóðaréttar vegna nýlegra aðgerða og ummæla Donalds Trump Bandaríkjaforseta.

En nú kveður við annan tón og hriktir í stoðum þjóðaréttar.

Það er engum vafa undirorpið að Bandaríkin hafa brotið alþjóðalög undanfarnar vikur og mánuði. Sem dæmi má nefna handtökuna á Maduro forseta í Venesúela, yfirlýsingar um ráðgerð yfirráð Bandaríkjanna yfir ríkinu og auðlindum þess, töku margra skipa (eitt þeirra var innan efnahagslögsögu Íslands), beitingu vopnavalds í Íran, hótanir um beitingu vopnavalds í Kólumbíu, útgáfu leyfa fyrir námugrefti á alþjóðahafsbotnssvæðinu og nú síðast yfirlýst áform um að taka yfir Grænland. Þetta eru augljós brot á grundvallarreglum þjóðaréttar, svo sem fullveldisrétti ríkja, friðhelgi landamæra, fánaríkislögsögu á hafinu, meginreglunni um sameiginlega arfleið mannkyns, banni við beitingu vopnavalds og hótunum þar að lútandi. Slíkur fjöldi alvarlegra þjóðaréttarbrot er óvenjulegur en mesta furðu vekja þó yfirlýsingar forsetans sem sýna algjört skeytingarleysi gagnvart alþjóðalögum. Sáralitlar tilraunir hafa verið gerðar til að réttlæta þessar gjörðir Trumps á grundvelli þjóðaréttar. Hann hefur beinlínis lýst því yfir að hann hafi engin not fyrir þjóðarétt og að þjóðarétturinn setji honum engar skorður (viðtal við New York Times, janúar 2026).

Viðhorf ríkja til þjóðaréttar skipta sköpum fyrir viðgang hans. Háttsemi og yfirlýsingar Bandaríkjanna draga úr tiltrú á kerfið en það gera einnig viðbrögð annarra ríkja. Það eru ekki lögbrotin sjálf sem veikja kerfið heldur sú huglæga afstaða að lögbrot séu ásættanleg. Margir hafa gagnrýnt og bent á ólögmæti umræddra aðgerða Bandaríkjanna þ.m.t. bandarísku þjóðaréttarsamtökin (American Society of International Law) en í þessu tilliti skipta raddir annarra ríkja mestu máli.

Nú standa yfir miklar sviptingar í þjóðarétti. Þær einkennast meðal annars af auknum stríðsátökum, virðingarleysi fyrir grundvallarreglum og minnkandi þátttöku í alþjóðasamstarfi en einnig af hraðri þróun nýrra réttarreglna, svo sem réttar til heilnæms umhverfis sem grundvallarstoð annarra mannréttinda, venjubundinnar skyldu ríkja til róttækra loftslagsaðgerða og réttar til að frysta grunnlínur lögsögu í hafi þrátt fyrir hækkandi sjávarmál.

Viðhorf ríkja til þjóðaréttar skipta sköpum fyrir viðgang hans.

Alþjóðakerfið hefur nokkrum sinnum sætt meiri háttar endurskoðun í kjölfar átaka og nú eru teikn á lofti um að slík tímamót séu yfirvofandi. Þá skiptir öllu máli að ríki heims standi vörð um þær grundvallarreglur sem þau vilja ekki víkja frá og sýni í verki hvernig þau vilja sjá þjóðaréttinn þróast því þar hvílir löggjafarvaldið bæði á aðgerðum og huglægri afstöðu og þögn getur jafngilt samþykki. ♦

# Grænlandsbrölt

Það hefur vart farið fram hjá nokkru mannsbarni að Grænland hefur verið í brennidepli að undanfögnu vegna ásælni forseta Bandaríkja Norður-Ameríku. Það er sennilega langsótt að ætla að bæta einhverju við þá umfjöllun. Hér á eftir verður þó gerð handahófskennd tilraun til þess og bent á nokkur atriði sem eru athyglisverð út frá sjónarhóli íslenskra hagsmuna.

## Kaupa – selja

Núverandi forseti Bandaríkjanna er ekki sá eini sem hefur haft áhuga á að innlima Grænland. Um svipað leyti og Bandaríkin keyptu Alaska af Rússum árið 1867 gerði þáverandi forseti þeirra tilboð í Grænland

sem Danir höfnuðu. Þeir höfnuðu svo öðru slíku tilboði árið 1946. Í þessu samhengi er rétt að minna á að fyrr á tímum var viðtekið að landsvæði gengi kaupum og sölum á milli þeirra. Stór svæði Bandaríkjanna voru keypt af öðrum ríkjum, t.d. Florida og Louisiana. Eftir seinni heimsstyrjöld hefur hins vegar stórlega dregið úr slíkum ráðstöfunum m.a. vegna þeirra hugmynda að íbúar landsvæða skuli hafa eitthvað um eigin framtíð að segja. Það er því nokkuð óvenjulegt að hugmyndir um kaup og sölu á landsvæðum á milli ríkja séu settar fram á okkar tímum.

Ýmis ummæli forseta Bandaríkjanna um Grænland hafa verið nokkuð glannaleg út frá sjónarhóli þjóðaréttar. Þau hafa m.a. stangast á við fullveldi ríkja, landamærahelgi þeirra, skyldu ríkja til að virða alþjóðlegar samningsskuldbindingar sínar, bannið við hótunum um beitingu vopnavalds, sjálfs-ákvörðunarrétt Grænlandinga og teljast íhlutun í innanlandsmálefni annars ríkis.

Auk þessa hefur forseti Bandaríkjanna reynt að grafa undan tilkalli Danmerkur til Grænlands, þrátt fyrir að það hafi lengi legið skýrt fyrir, eins og staðfest var af



Fasta alþjóðadómstólnum í Haag (forvera Alþjóðadómstólsins) í Austur-Grænlandsmálinu árið 1933. Enn fremur staðfesti utanríkisráðherra Bandaríkjanna skriflega yfirlýðing Dana yfir öllu Grænlandi árið 1916 í tengslum við sölu dönsku Vestur-Indía til Bandaríkjanna (nú Bandarísku Jómfrúaejar).

## NATO – varnarsamningur

Eins og kunnugt er snertir einn angi þessa máls NATO. Grænland er hluti af Danmörku, sem er aðili að NATO, líkt og Bandaríkin. Fram að þessu hefur það verið nær fordæmalaust að forseti Bandaríkjanna hóti því að sölsa undir sig landsvæði annars NATO-ríkis. Í kjölfarið vakna óhjákvæmilega spurningar um þýðingu slíkra yfirlýsinga fyrir bandalagið sjálft. Sumir hafa jafnvel haldið því fram að árás Bandaríkjanna á annað NATO-ríki myndi í reynd marka endalok bandalagsins.

Þótt þeirri hættu virðist hafa verið afstýrt að sinni er engu að síður áhugavert að skoða þessi mál nánar, einkum með hliðsjón af varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Oft er því haldið fram að varnir Íslands hvíli á tveimur stöðum, annars vegar NATO og hins vegar varnarsamningnum. Þegar rýnt er í varnarsamninginn, einkum formála hans og 1. gr., verður þó ljóst að Bandaríkin annast varnir Íslands fyrir hönd NATO. Út frá lagatextanum sjálfum er því í raun aðeins um eina stöð að ræða, þ.e. NATO hvernig svo sem þessi mál eru í raun og veru. Ef NATO myndi liðast í sundur vakna ýmsar spurningar um áhrif þess á varnarsamninginn, svo sem hvort forsendur hans væru þá brostnar, hvort segja ætti honum upp eða hvort gera þyrfti nýjan samning.

## Ábyrgð ríkja – Keflavíkurflugvöllur

Í umræðunni undanfarið hafa ýmsir látið í veðri vaka að ef Bandaríkin færu í hernaðaradgerðir gegn Grænlandi væri líklegt að Keflavíkurflugvöllur yrði notaður í þeim tilgangi. Í því samhengi ber að minna á drög Alþjóðalaganefndarinnar, um ábyrgð ríkja vegna alþjóðlega ólögættar háttsemi, sem endurspeglar að miklu leyti þjóðréttarvenju og teljast því að mestu leyti bindandi.

Samkvæmt 16. gr. draganna geta ríki borið ábyrgð á því að aðstoða annað ríki eða veita því stuðning við brot á alþjóðlegum skuldbindingum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ef Ísland myndi heimila, eða aðhafast ekkert til að koma í veg fyrir, að Bandaríkin nýttu Keflavíkurflugvöll í hernaðaradgerðum gegn Danmörku eða Grænlandi, gæti það talist sjálfstætt brot af hálfu Íslands og leitt til ábyrgðar íslenska ríkisins vegna slíks stuðnings.

## Afturhvarf til 19. aldar

Hægt væri að halda áfram og nefna fleiri dæmi um hvernig þessi þróun í kringum Grænland gæti haft áhrif á íslenska hagsmunum, en hér verður staðar numið. Sú staðreynd að stórveldi setji fram hugmyndir sem minna á valdbeitingu og landvinninga fyrri alda ætti að vera Íslendingum sérstakt áhyggjuefni. Slíkt afturhvarf til hugsunarhátta 19. aldar grefur undan þeirri réttarskipan sem smáríki reiða sig hvað mest á og undirstrikar mikilvægi þess að Ísland standi fast á grundvallarreglum þjóðaréttar, bæði í orði og verki. ♦

# Vika í lífi lögmanns

## Komið að kaflaskilum

Ég er lögmaður og hef starfað sem yfirlögfræðingur Íslandsbanka frá árinu 2008. Ég hef starfað hjá eða fyrir Íslandsbanka og forvera hans, með stuttum hléum, frá árinu 1988. Dagarnir líða hratt en vikurnar eru oft í föstum skorðum og varðaðar reglulegum fundum stjórna og nefnda sem ætlað er að fjalla um allt sem viðkemur rekstri bankans, lánveitingum, stefnumótun, viðhaldi regluverks, samningagerð, samskiptum við viðskiptavinum, lánveitendur, eftirlitsaðila og þvúmlíkt. Oft þarf að taka ákvarðanir hratt og vinna langan vinnudag og þá er mikilvægt að halda hæfilegu jafnvægi milli vinnu og einkalífs.



Konan mín er Írunn Ketilsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Century Aluminium. Við hjónin eigum fjögur uppkomin börn, fimm barnabörn og það sjötta á leiðinni. Við reynum að nýta tímann utan vinnu til samvista við fjölskylduna, helst í rólegheitum í sumarhúsinu okkar í Landsveitinni nú eða að æfa og spila golf. Hér er innsýn í eina dæmigerða viku á liðnu vori.

### Mánudagur

Ég mætti í vinnuna um klukkan hálf níu og byrjaði daginn á að fara yfir tölvupósta og verkefnalistann eins og ég skildi við hann á föstudaginn. Ég átti fund með einum af stjórnendum lögfræðisviðsins þar sem við fórum yfir helstu verkefni hans.

Þá tók við undirbúningur fyrir fund í áhættustefnunefnd bankans sem var haldinn eftir hádegið. Nefndin fundar ekki sjaldnar en mánaðarlega og henni er meðal annars ætlað að móta og fylgja eftir áhættustefnu bankans, setja áhættumörk og tryggja að áhættusnið bankans sé innan áhættuvilja stjórnar, auk þess að rýna og staðfesta breytingar á stefnuskjölum sem bankanum ber að setja um starfsemi sína, áður en þær fara til undirnefnda stjórnar og svo stjórnarinnar sjálfar til afgreiðslu.

Þá tók við tími hjá golfkennara, sem hefur haft okkur hjónin til meðferðar. Við hittum hann vikulega í golfhermi í vetur og nutum hans leiðsagnar. Golfið er stór hluti af lífi okkar hjóna, við spilum mikið á sumrin og förum reglulega í golfferðir með vinum. Það er fátt sem hreinsar hugann jafn vel og að spila golf. Þar fer allt saman, útivera, hreyfing og góður félagsskapur.

## Þriðjudagur

Ég vaknaði snemma en konan mín var farin í sína vinnu fyrir klukkan sjö. Ég hafði húsið fyrir mig og tók fram gítarinn og spilaði og söng fyrir sjálfan mig í svona þrjú korter. Ég hef alltaf haft gaman af tónlist og að læra lög og texta. Ég verð alltaf léttari í lund þegar ég er búinn að taka smá á háu tónunum.

Vinnudagurinn hófst svo kl. 9 á fundi í framkvæmdastjórn bankans. Ég hef verið ritari framkvæmdastjórnar og stjórnar bankans frá árinu 2008 og það hefur gefið mér einstaka innsýn í þróun íslensks atvinnulífs og fjármálamarkaðar. Framkvæmdastjórnin ræddi m.a. um nýjar auglýsingar bankans, farið var yfir stöðu lykilverkefna og rætt um áskoranir í rekstrarumhverfi byggingaraðila og samdrátt í veitingu nýrra húsnæðislána. Þá var farið yfir skýrslu um innleiðingu gervigreindar innan bankans. Loks var mánaðaruppgjör bankans fyrir febrúarmánuð samþykkt.

Um kvöldið borðuðum við hjónin á veitingahúsi. Eftir að heim var komið tók við undirbúningur fyrir fund í yfirlánanefnd bankans. Í „inboxinu“ biðu rúmlega 200 blaðsíður af fundargögnum sem ég þurfti að fara yfir fyrir fundinn.

## Miðvikudagur

Miðvikudagurinn hófst á fundi í yfirlánanefnd bankans. Ég er formaður nefndarinnar sem heldur reglulega fundi einu sinni í viku, oftast í ríflega tvær klukkustundir. Á fundunum fara viðskipta- og lánastjórar yfir tillögur að lánveitingum og gera grein fyrir rekstri viðskiptavina sem í hlut eiga. Hlutverk formannsins er, auk þess að stýra fundum, að tryggja að umræður séu markvissar og að nefndin nái að fara vel yfir helstu álitaefnin áður en ákvörðun er tekin. Stundum þarf að leiða saman ólík sjónarmið og finna góða lausn.



Eftir hádegið fór ég á ársfund Samtaka fjármálafyrirtækja þar sem flutt voru áhugaverð erindi um þróun fjármálamarkaðarins. Skýrt var frá niðurstöðum nýrrar Gallup-könnunar sem sýndi að traust almennings til fjármálafyrirtækja hefði aukist verulega á liðnum árum.

Um kvöldið hittumst við tveir góðir vinir í golfhermi og fórum síðan saman í kvöldmat í golfskálanum. Þegar heim var komið fundum við hjónin góða þætti á af streymisveitu til að horfa á fyrir svefninn.

## Fimmtudagur

Ég byrjaði fimmtudagsmorguninn á fundi með stjórnendum lögfræðisviðs þar sem við fórum yfir stöðuna á skilgreindum lykilverkefnum og ræddum um þau verkefni sem efst voru á baugi. Síðar um morguninn fengum við kynningu á nýrri virkni í því gervigreindartóli við höfum haft í notkun meðal lögfræðinga í bankanum frá liðnu sumri.

Gervigreindartól geta stýtt vinnuferla og flýtt verulega fyrir við undirbúning og úrvinnslu þó þau komi engan veginn í stað mannlegs innsæis reyndra lögfræðinga. Mér finnst gervigreindin hafa aukið skilvirkni í mínum störfum verulega. Ég er einn af þeim sem get verið lengi að byrja að skrifa á autt blað – mér fellur betur að fara yfir og bæta við eitthvað sem þegar er komið á blað. Eftir að ég hef tileinkað mér notkun gervigreindarlausna, þarf ég sjaldnast að byrja með autt blað. Á augnabliki má kalla fram fyrstu drög, hvort sem er að samningum, bréfum, álitsgerðum eða texta í fundargerðir, sem svo má þrjúna við. Fyrir fundum liggja gjarnan glærुकynningar, þar sem efnið er sett

fram á punktaformi. Gervigreindin á létt með að snúa slíkum kynningum í lýsandi texta um hvað er fjallað í kynningunni. Þetta flýtir mikið fyrir við ritun funda. Ég tel að næstu ár muni gervigreindarlausnir breyta störfum lögfræðinga meira en við gerum okkur grein fyrir. Tæknilegar framfarir verða sífellt hraðari. Þær verða áreiðanlega aldrei eins hægfara og þær eru í dag.

Í dagslok var kveðjuhóf fyrir samstarfsmann í fjárstýringu bankans, Bill Symington, sem var að fara á eftirlaun eftir áratuga langt starf við fjármögnun Íslandsbanka og forvera hans.

Um kvöldið horfðum við á útsendingu frá fyrsta deginum í Mastersmóttinu í golfi, sem er einn af föstum punktum vorsins hjá mörgum kylfingum.

## Föstudagur

Þennan föstudag voru engir fastir fundir og ég náði að fara yfir nokkur verkefni í tölvunni, ljúka við fundargerðir vikunnar, fara yfir tilögur að breytingum á stefnuskjöllum og þess háttar. Ég átti samtöl við viðskiptastjóra um úrvinnslu lánamála og fékk kynningu á nýjum tækifærum í lánunum.

Eftir lokafrágang verkefna héldum við hjónin í sumarbústaðinn okkar. Á leiðinni stoppuðum við á Strandarvelli á Hellu og spiluðum níu holur í fallettu veðri.

## Helgin

Laugardagurinn fór að mestu í húsverk í sveitinni, trjáklippingar og önnur verkefni sem fylgja sumarbústaðalífinu. Seinna um daginn fórum við á Strandarvöll og spiluðum

18 holur. Völlurinn á Hellu er almennt opnaður fyrir en aðrir vellir á landinu og hann er opinn félagsmönnum allt árið um kring, meðan veður og snjóalög leyfa.

Á sunnudeginum var okkur boðið í mat til pabba og mömmu, sem tóku á móti þeim börnum, barnabörnum og barnabarna komust. Um kvöldið horfðum við svo á lokadaginn á Masters, þar sem við fylgdumst með Rory McIlroy tryggja sér græna jakkann annað árið í röð.

## Að lokum

Þegar ég lít yfir þann tíma sem ég hef unnið í bankakerfinu rennur upp fyrir mér hve mikið starfsumhverfi lögfræðinga hefur breyst. Mér

finnst ég lánsamur að hafa fengið að taka virkan þátt í einkavæðingu FBA á sínum tíma og svo uppbyggingu Íslandsbanka eftir hrun og skráningu hans á markað. Þátttaka í endurskipulagningu á fjárhag íslenskra heimila og fyrirtækja eftir hrun er líka ofarlega í huga. Mér finnst að á heildina litið hafi þetta allt tekist mjög vel. Þótt tíminn eftir 2008 hafi oft verið erfiður var hann mjög gefandi.

Nú er komið að kaflaskilum hjá mér. Í sumar mun ég ljúka störfum í bankanum og halda á ný mið. Verkefnið hafa verið skemmtileg og krefjandi og ég er stoltur af þeim. Það sem stendur þó upp úr eru samskipti við ótal hæfileikaríka samstarfsmenn, innan og utan bankans. Í þeirra hópi eru margir af mínum bestu vinum. Nú taka ný ævintýri við. ♦



# Félagsmönnum fækkar

## Samsetning félagsmanna Lögmannafélags Íslands í ársbyrjun 2026

**Síðasta áratug hefur félögum í LMFÍ fækkað um 5%. Alls 57% félagsmanna eru sjálfstætt starfandi lögmenn, 14% fulltrúar og innanhússlögmenn eru 26%. Annars eru litlar breytingar á félagatali milli ára en tölur í sviga eru frá fyrra ári.**

Í ársbyrjun 2026 voru 1029 með virk máflutningsréttindi en félagsmönnum hefur fækkað um fjóra frá sama tíma á síðasta ári.

- Alls eru 580 sjálfstætt starfandi, eða 56% félagsmanna (57%).
- Fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna eru 144, sem svarar til 14% félagsmanna (14%).
- Innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 229 talsins eða 26% (25%).
- Fjöldi félagsmanna sem ekki stundar lögmannsstörf sökum aldurs eða veikinda er 40 eða 4%, sem er óbreytt hlutfall frá sama tíma árið 2025.

### Konur í lögmannastétt


Alls eru 329 konur af 1029 félögum í LMFÍ, eða 32% félaga (32%).

- 44% (42%) eru sjálfstætt starfandi,
- 17% (20%) eru fulltrúar.
- 37% (36%) eru innanhússlögmenn.
- 2% (2%) eru hættar störfum vegna aldurs eða veikinda.


### Karlar í lögmannastétt

Alls eru 700 karlar af 1029 félögum í LMFÍ, eða 68% félaga (68%).


- 62% (63%) eru sjálfstætt starfandi.
- 13% (12%) eru fulltrúar.
- 20% (21%) eru innanhússlögmenn
- 5% (4%) eru hættir störfum sökum aldurs eða veikinda.




Fjöldi lögmannna með virk málflytningaréttindi 2016 til 2026.



Hlutfall kvenna eftir starfsvettvangi.



Hlutfall karla eftir starfsvettvangi.



Hlutfallsleg skipting félaga eftir starfsvettvangi.

## Skapandi persónuverndarfulltrúinn

Fyrir rúmum fjórum árum hóf ég störf hjá Össuri sem persónuverndarfulltrúi samstæðunnar. Í aðdragandanum velti ég fyrir mér hinum ýmsu leiðum til að ná til samstarfsmanna minna og kynna mig og starfssvið persónuverndarfulltrúans. Sumar voru nokkuð hefðbundnar, eins og námskeiðshald og jafnvel einhvers konar reglulegir viðtalstímar, meðan aðrar voru aðeins óhefðbundnari. Mér datt til dæmis í hug að ég gæti hreinlega komið á fót mínu eigin hlaðvarpi, því hver myndi ekki vilja verja dýrmætum tíma í að hlusta á vangaveitur um persónuvernd sér til ánægju og yndisauka? Skemmst er frá því að segja að hlaðvarpið er enn sem komið er bara hugmynd, en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?



Innan við tveimur mánuðum frá því að ég steig fyrst fæti inn á skrifstofur Össurar sem starfsmaður var ég svo stödd á sviði í Hörpu þar sem ég stjórnaði kór fyrirtækisins, Össkur, í kveðjuhófi fráfarandi forstjóra. Þrátt fyrir áratuga reynslu af kórsöng var þetta frumraun mín í að stjórna kór og það á glænýjum vinnustað fyrir framan fjölmennan hóp gesta. Verkefnið var ansi stressandi en um leið mjög skemmtilegt. Mig óraði þó ekki fyrir því hversu mikil og jákvæð áhrif þetta „stönt“ mitt á fyrstu vikum starfsins myndi hafa á tengslanet mitt innan vinnustaðarins og nálgun mína á starfið.

### Eru persónuverndarfulltrúar gleðispillar?

Persónuverndarfulltrúar, líkt og aðrir sem koma að ýmsum verkefnum sem snúa að hlítini við lög og reglur, eru nefnilega oft álitnir hálfgerðir gleðispillar. Þetta á ekki síst við ef persónuverndarfulltrúinn fær ekki að taka þátt í hlaupinu fyrir en á síðustu metrum maraþonsins. Þá þarf stundum að gera breytingar, eða jafnvel stöðva verkefni eða fresta þeim, ef þau hafa ekki verið unnin samkvæmt kúnstarinnar reglum og slík inngrip njóta sjaldnast mikilla vinsælda. Svona þarf þetta hins vegar ekki að vera og á raunar alls ekki að vera þannig.

Persónuverndarlöggjöfin gerir kröfu um svokallaða innbyggða og sjálfgefna persónuvernd, sem á mannamáli felur í sér að gera eigi ráð fyrir sjónarmiðum um persónuvernd í allri hönnun hugbúnaðar, lausna og ferla. Til að þetta takist í raun og veru þarf persónuverndarfulltrúi að koma tímanlega að málum sem varða vinnslu persónuupplýsinga, og um það er raunar gerð sérstök krafa í löggjöfinni. Stóra spurningin er: Hvernig tryggjum við þessa tímanlegu aðkomu?

### Litla sviðsljósið

Víkur sögunni aftur að kórstjórnandi persónuverndarfulltrúanum. Öll sem hafa sungið í kór þekkja hvað því fylgir mikil gleði, og kórinn Össkur var engin undantekning þar á. Þar sem ég stóð þar í stafni ætla ég að gerast svo djörf að fullyrða að fyrstu kynni samstarfsfólks míns af mér hafi verið jákvæð. Stuð og stemning voru einkunnarorðin okkar og markmiðið umfram allt að hafa gaman. Þarna fékk ég bókstaflegt sviðsljós til að stíga inn í á fyrstu vikum mínum í starfi. Mun fleiri vissu hver ég var á þessum tímapunkti en ella, auk þess sem fólk tengdi mig við kórsöng og gleði. Ég er handviss um að þetta gerði ýmsum auðveldara fyrir að leita til mín með spurningar. Við vitum jú að stundum veigrar fólk sér við því að leita til persónuverndarfulltrúa og jafnvel lögfræðinga almennt. Að vissu leyti er það vegna þess að fólk óttast viðbrögðin, á von á skömmum eða stífu viðmóti, þrátt fyrir að sá ótti sé ekki endilega á rökum reistur.

Smátt og smátt áttaði ég mig á dýpri merkingu og mikilvægi þessa litla sviðsljóss

sem mér hafði verið skaffað á fyrstu vikum starfsins. Það færði mér sýnileika. Ég fór því að vinna markvisst að því að viðhalda sýnileikanum og auka hann, sem getur verið krefjandi í stóru alþjóðlegu fyrirtæki eins og Emblu Medical, móðurfélagi Össurar, sem ég tilheyri í dag. Frá því að bjóða upp á opin stað- og fjarnámskeið, þ.m.t. á þeim erlendu starfsstöðvum sem ég heimsæki, og til þess að halda úti hóp á Viva Engage þar sem teymið mitt birtir stuttar færslur á léttu nótunum um afmörkuð viðfangsefni á sviði persónuverndar, eru aðferðirnar margvíslegar. Glettnin á ávallt sinn stað og flestar af mínum kynningum innihalda allavega eina katta- eða hundamynd! Þá má ekki vanmeta það að ná stuttum fundum með stjórnendum þegar tækifæri gefst; það geri ég hiklaust þegar við erum stödd í sama landinu. Ef ekki tekst að bóka fund má svo alltaf ná fólki við kaffivélina. Stundum eru bestu samtölin nefnilega þau sem snúa einfaldlega að því sem ber hæst hverju sinni. Allt þetta verður nefnilega til þess að samstarfsfólkið man frekar eftir manni, sem er síður en svo sjálfsagt þegar öll eru með fullar hendur og þar að auki dreifð um heiminn.

### Léttleiki í samskiptum

Uppáhaldsdæmisagan mín er nýleg. Ég átti fund með starfsmanni úr markaðsdeildinni okkar. Við höfðum unnið saman nokkrum sinnum áður og ég veitt ráðgjöf í tengslum við ýmis verkefni sem hann hafði komið að. Í þessu tilviki leitaði viðkomandi til mín með glænýja hugmynd sem hann hafði ekki einu

sinni borið undir yfirmann sinn. Fyrst vildi hann vera viss um að það sem hann vildi leggja til væri yfir höfuð framkvæmanlegt með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Þetta gladdi ekki aðeins persónuverndarhjartað, heldur sýndi að mínu mati fram á hvaða áhrif það getur haft að bera sig eftir því að mynda tengsl við samstarfsfólk og að skapa þá upplifun að við séum saman í liði og stefnum að sama markmiði. Að vera kölluð að borðinu löngu áður en þess er krafist samkvæmt ferlum sýnir þetta glögglega.

Síðast en ekki síst hef ég komist að því að léttleiki í samskiptum er ómetanlegur þegar átt er við flókin málefni. Þetta þýðir ekki að gefa þurfi neinn afslátt af kröfum eða gæðum ráðgjafar, heldur að það hvernig við tölum um hlutina getur skipt höfuðmáli í því að styrkja tengsl og auka líkurnar á að fólk vilji fá mann með í verkefni. Að sýna þann áhuga og þá ástríðu sem maður hefur fyrir sviðinu skemmir

ekki heldur því það er smitandi. Aukinn áhugi samstarfsfólksins á persónuvernd og að gera hlutina rétt verður svo líka til þess að þau eru líklegri til að leita til okkar.

### Yfirfærum sköpunargleðina

Lögfræðingar eru margir hverjir mjög skapandi. Mörg leggjum við stund á einhvers konar listsköpun, til dæmis eru alveg ótrúlega margir lögfræðingar í kórum landsins. Ég mæli eindregið með því að yfirfæra þessa sköpunargleði á lögfræðistörfin og hugsa út fyrir kassann, hvort sem það tengist samskiptaleiðum eða einhverju allt öðru. Þó ekki væri annað veit ég af eigin reynslu að það gerir vinnudaginn skemmtilegri, jafnvel fyrir fleiri en okkur sjálf. Gangi ykkur öllum vel að finna ykkar eigið Össkur! ♦

## Gluggað í ársskýrslu Námssjóðs LMFÍ

Á starfsárinu 2025-2026 samþykkti stjórn námssjóðs að veita tvo stryki til útgáfu fræðiritra á sviði lögfræði. Annars vegar fengu höfundar Eignaréttar IV kr. 1.200.000,- styrk en það eru þeir Karl Axelsson, Víðir Smári Petersen og Þorgeir Örlygsson. Hins vegar fengu höfundar fræðirits um opinber innkaup kr. 600.000,- í styrk en það eru þær Margrét Gunnarsdóttir og Eyþóra Kristín Geirsdóttir. Samningarnir fela jafnframt í sér að styrkhafar skuldbinda sig til að halda námskeið fyrir lögmennt um viðfangsefnið.



Stjórn námssjóðs auglýsti námsferð til Kaupmannahafnar haustið 2026 en vegna dræmrar skráningar var hún blásin af.

Alls voru haldin 27 námskeið á starfsárinu, frá haust 2025 til vors 2026, sem sótt voru af 350 þátttakendum. Flest námskeiðanna er hægt að sækja í „hybrid“ útgáfu, þ.e. ýmist á staðnum eða í fjarfundi og nýttu um 40% þátttakenda sér það.

# Hver/Hvað/Hvert

## HRL - RÉTTINDI

**Helgi Magnús Gunnarsson**  
Lögmanns- og  
ráðgjafarþjónusta Helga  
Magnúsar Gunnarssonar hrl.  
Bollagarðar 93  
170 Seltjarnarnes

## LRL - RÉTTINDI

**Einar Oddur Sigurðsson**  
Lögmál ehf.  
Skólavörðustígur 12  
101 Reykjavík

**Gunnar Atli Gunnarsson**  
Landslög slf.  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Hildur Þórarinsdóttir**  
Juris  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Jóhanna Katrín Magnúsdóttir**  
Embætti ríkislögmanns  
Hverfisgata 4-6  
150 Reykjavík

**Ólafur Valur Guðjónsson**  
Lögmannsstofan Vogin slf.  
Dalvegur 16b  
201 Kópavogi

**Snorri Stefánsson**  
Arta lögmenn ehf.  
Laugavegur 182  
105 Reykjavík

## HDL - RÉTTINDI

**Bjarki Heiðar Bjarnason**  
Solidum lögmannsstofa  
Básbryggja 15  
110 Reykjavík

**Einar Hallgrímsson Norðdahl**  
Narfi & Silva  
Hlíðasmára 10  
201 Kópavogi

**Hilma Ósk Hilmarsdóttir**  
Lögmannsstofan Sævar Þór &  
Partners  
Skiopholt 50c  
105 Reykjavík

**Jenný Þórunn Stefánsdóttir**  
Sameyki - stéttarfélag í  
almannaþjónustu  
Grettisgata 89  
101 Reykjavík

**Karol Walejko**  
OPUS lögmenn ehf.  
Skólavörðustígur 12  
101 Reykjavík

**Kristinn Magnús Pétursson**  
Málflutningsstofa  
Snæfellsness  
Aðalgata 24  
340 Stykkishólmur

**Magnús Geir Björnsson**  
Vörður tryggingar  
Borgartún 19  
105 Reykjavík

**Margrét Sjöfn Magnúsdóttir**  
Sigurjónsson & Thor ehf.  
Lágmúli 7  
108 Reykjavík

**Marteinn Kristinn Jónasson**  
Lögmenn Granda  
Tryggvagata 11  
101 Reykjavík

**Oliver Ómarsson**  
Lífeyrissjóður verzlunarmanna  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

**Sara Bryndís Þórsdóttir**  
Landslög  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Skúli Geir Ólafsson**  
Lögmannsstofa Ólafs  
Björnssonar  
Eyrarvegur 15  
800 Selfoss

**Svava Sól Matthíasdóttir**  
LEX lögmannsstofa  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Þóra Lóa Pálsdóttir**  
Atlas innheimta ehf.  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

## ENDURÚTGEFIÐ

**Anna Krístrún Einarsdóttir**  
Sjúkratryggingar Íslands  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík

**Dagný Fjóra Jóhannsdóttir**  
Vanda legal ehf.  
Mýrarás 10  
110 Reykjavík

**Harpa Samúelsdóttir**  
Hamragerði 20  
600 Akureyri

**Haukur Þorsteinsson**  
H.Þ. Lögmennsstofa ehf.  
Höfðabakki 9D  
110 Reykjavík

**Hildur Georgsdóttir**  
Framkvæmdasýslan –  
Ríkiseignir  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Ingibjörg Halldórsdóttir**  
Berglög ehf.  
Espilundur 9  
210 Garðabæ

**Jóhannes Sigurðsson**  
BBA Fjeldco Lögmenn ehf.  
Katrínartún 2  
105 Reykjavík

**Ólafur Ólafsson**  
Óseyri 2a  
603 Akureyri

**Sigfríð Elín Þorvaldsdóttir**  
Novum lögfræðipjónusta  
Bæjarlind 4  
201 Kópavogi

**Teitur Björn Einarsson**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartún 25  
105 Reykjavík

**Tinna Rán Sverrisdóttir**  
Sjúkratryggingar Íslands  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík

**Þórunn Pálína Jónsdóttir**  
Skólavörðustígur 12  
101 Reykjavík

## NÝR VINNUSTAÐUR

**Andri Fannar Bergþórsson**  
Venture Legal ehf.  
Bjargargata 1  
102 Reykjavík

**Anna Björg Guðjónsdóttir**  
**Antoine Lochet**  
**Viktor Örn Ásgeirsson**  
Elements  
Katrínartún 2  
105 Reykjavík

**Arnar Óli Björnsson**  
Deloitte Legal ehf.  
Dalvegur 30  
201 Kópavogur

**Baldvin Hafsteinsson**  
Lögvernd ehf.  
Ármúli 15  
108 Reykjavík

**Björg Jóhannesdóttir**  
Nox Medical ehf.  
Katrínartún 23  
105 Reykjavík

**Bryndís Guðmundsdóttir**  
BG ráðgjöf slf.  
Jónsgeisli 65  
113 Reykjavík

**Dagur Fannar Jóhannesson**  
**Finnur Magnússon**  
**Jóhannes Tómasson**  
**Sigurbjörn Magnússon**  
**Stefán A. Svensson**  
**Pórarinn Þorgeirsson**  
LEX lögmannsstofa  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

**Edda Guðrún Sverrisdóttir**  
Arion banki hf.  
Borgartún 19  
105 Reykjavík

**Gunnar Jónsson**  
Samtök fyrirtækja í  
sjávarútvegi  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Hallmundur Albertsson**  
Venture Legal ehf.  
Bjargargata 1  
102 Reykjavík

**Helga Björk Helgadóttir**  
**Valberg**  
Arion banki hf.  
Borgartún 19  
105 Reykjavík

**Inga Kristín Kjartansdóttir**  
KPMG Law  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

**Karítas Eik Sandholt**  
Opus lögmennt  
Skólavörðustígur 12  
101 Reykjavík

**Linda Björk Bentsdóttir**  
Lagalind ehf.  
Tryggvagata 11  
101 Reykjavík

**Líney Dan Gunnarsdóttir**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartún 25  
105 Reykjavík

**Ragnheiður Margrét**  
**Ólafsdóttir**  
Landsbyggð hf.  
Sigtún 3  
800 Selfoss og  
Háaleitisbraut 68  
108 Reykjavík

**Steinunn Erla Kolbeinsdóttir**  
Hveragerðisbær  
Breiðamörk 20  
810 Hveragerði

**Súsanna Björg Fróðadóttir**  
Júnó lögmannstofa ehf.  
Háholt 27  
230 Reykjanesbæ

**Örn Gunnarsson**  
H5B ehf  
Hólmaflöt 5  
300 Akranesi

## NÝTT HEIMILISFANG

**Bjarni G. Björgvinsson**  
Hamragerði 7  
700 Egilsstaðir

**Eiríkur S. Svavarsson**  
Vík lögmannsstofa  
Fiskislóð 37b  
101 Reykjavík

**Elisabeth Matthíasdóttir**  
E.M. lögmennt  
Reykjanesvegur 40  
260 Reykjanesbær

**Eva Huld Ívarsdóttir**  
Huld lögmannsstofa  
Tryggvagata 11  
101 Reykjavík

**Gísli Tryggvason**  
Advokat – lögmannsstofa ehf.  
Suðurlandsbraut 52, 2. hæð  
108 Reykjavík

**Grímur Már Þórólfsson**  
Réttindi lögmannsstofa  
Borgartún 28  
105 Reykjavík

**Katrín Smári Ólafsdóttir**  
FOCUS lögmennt ehf./G.  
Jónsson & Partners ehf.  
Lágmúli 7  
108 Reykjavík

**Kristrún Elsa Harðardóttir**  
Lögfræðistofa Selfoss ehf.  
Austurvegur 4  
800 Selfoss

**Ómar Örn Bjarnþórsson**  
OOB Legal slf.  
Giljaland 23  
108 Reykjavík

**Sunna Axelsdóttir**  
Ásey lögmannsstofa  
Bakkatröð 6  
605 Akureyri

LAGA  
DAGUR | 26

**Takið daginn frá!**

# Lagadagurinn 2026

**Verður haldinn í Hörpu  
föstudaginn 18. september 2026.**

**Málstofur verða bæði  
fyrir og eftir hádegi  
en að þeim loknum  
verður móttaka.**

[lagadagur.is](https://lagadagur.is)

